# FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL
GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD
LANDSBANKA ÍSLANDS
RITSTJÓRI: JÓHANNES NORDAL

ÁGÚST — OKTÓBER 1958

Alþjóðasamvinna í efnahagsmálum ..... 115
Fiskframleiðsla í heiminum ..... 117
Greiðslujöfnuður árið 1957 ..... 126
Framleiðsla og fjárfesting 1957 ..... 132

Inngangur ..... 132
Heildarframleiðsla ..... 132
Heildarfjárfesting ..... 133
Framleiðsla landbúnaðarafurða . 133
Fjárfesting í landbúnaði ..... 136
Útgerð og sjávarvöruiðnaður ... 137
Aukning skipastólsins ..... 142
Iðnaðarframleiðsla ..... 143
Raforkumál ..... 144
Opinberar framkvæmdir ..... 145
Húsbyggingar ..... 146
Þróun íbúðabygginga árin 1954—1957 ..... 148

Fréttaþættir ..... 152

Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða ..... 152
Útgerð og aflabrögð ..... 153
Landbúnaður ..... 154
Lánveitingar 1957 ..... 154
Skráð gengi ..... 157
Peningamarkaðurinn ..... 158
Töflur um seðlaveltu, aðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, endurkeypta víxla, aðstöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, aðstöðu bankanna gagnvart Seðlabankanum, heildarútlán bankanna, veltiinnlán og spariinnlán í bönkunum .. 157—160

Töflur ..... 161

Inn- og útflutningur eftir mánuðum ..... 161
Útflutningur helztu vöruflokka . 161
Viðskipti við einstök lönd í millj. króna ..... 162
Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum (%) ..... 163
Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta mánaðarlega ..... 164
Fiskafli, skipt á fisktegundir ... 164
Hagnýting fiskaflans ..... 165
Framleiðsla og sala mjólkurafurða 165
Vísitala framfærslukostnaðar ... 166
Kaupgjaldsvísitala ..... 166
Visitala byggingarkostnaðar .... 166
Húsaleiguvísitala ..... 166
Innlán og útlán sparisjóða, Söfnunarsjóðs og innlánsdeilda kaupfélaga ..... 166
Efnahagsreikningar Seðlabankans 167
Efnahagsreikningar viðskiptabankanna ..... 168

FJÁRMÁLATÍÐINDI eru gefin út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, og koma þau út fjórum sinnum á ári. Söluumboð og afgreiðslu áskrifta hefur hagfræðideild Landsbankans og Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

*

Áskriftarverð er 25 kr. á ári, en í bókaverzlunum kostar hvert hefti 10 krónur.

*

Þeir, sem þess óska, geta fengið ritið óskorið.

Prentað í Ísafoldarprentsmiðju h.f.

# Alþjóðasamvinna í efnahagsmálum

I.

*Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt í efnahagsmálum heimsins. Haustið 1957 náði hin mikla gjaldeyriskreppa, sem einkum gekk yfir Bretland og Holland, hámarki, og nokkru síðar fór að verða vart samdráttar í efnahagslífi Bandaríkjanna, sem fór síversnandi með vaxandi atvinnuleysi þangað til í aprílmánuði. Á báðum þessum erfiðleikum hefur tekizt að ráða bót, og er nú svo komið, að sterlingspundið er sterkari gjaldmiðill en nokkru sinni fyrr eftir stríðið, og framleiðsla í Bandaríkjunum hefur aukizt hröðum skrefum síðustu mánuði, svo að nú er jafnvel hugsanlegt, að þjóðartekjur landsins verði meiri á þessum ársfjórðungi en dæmi eru til áður. Að sjálfsögðu fer því fjarri, að öll vandamál í þessum efnum hafi verið leyst. Samdrátturinn í efnahagslífi Bandaríkjanna hafði fyrst í stað lítil áhrif á efnahagsþróun í Evrópu, en þegar kom fram á sl. vor, byrjaði að verða vart stöðnunar eða samdráttar í framleiðslu margra ríkja. Hefur af þeim sökum verið gripið víða til gagnráðstafana í formi vaxtalækkunar eða aukinna ríkisútgjalda, og eru menn yfirleitt bjartsýnir um árangur þeirra.*

*Það, sem áunnizt hefur í þessum efnum að undanförnu, er vissulega að verulegu leyti að þakka þeirri stefnu, sem viðkomandi ríki hafa rekið í efnahagsmálum. Hins vegar er mjög vafasamt, að þessar aðgerðir hefðu náð þeim árangri, sem raun ber vitni, ef ekki hefði notið við víðtækrar alþjóðlegrar samvinnu í efnahagsmálum.*

II.

*Alþjóðleg samvinna í efnahagsmálum hefur aukizt mjög á undanförnum áratugum, og er óhætt að fullyrða, að hún sé nú orðin ein meginstoð frjálsra og vaxandi viðskipta í heiminum. Mikilvægi alþjóðlegra peningastofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans hefur ekki eingöngu verið fólgið í þeirri aðstoð, sem þær hafa getað látið þátttökuríkjum sínum í té, þegar á hefur þurft að halda, heldur ekki síður í því að koma á gagnkvæmu*

*trausti og skilningi á sviði alþjóðafjármála og tryggja samvinnu þjóða milli, þegar á móti hefur blásið. Miklu minni hætta er nú á því heldur en t. d. á árunum milli styrjaldanna, að fjárhagserfiðleikar einstakra landa leiði til fjárflótta, er setji alþjóðagreiðsluviðskipti úr skorðum. Einnig hefur mjög dregið úr því, að einstakar þjóðir reyni að leysa örðugleika sína í gjaldeyrismálum með því að setja á innflutningshöft eða aðrar hömlur, sem lítil líkindi eru til að leysa þeirra eigin vanda, en geta engu að síður orðið öðrum þjóðum til mikils tjóns.*

*Mikilvægasta forsenda frjálsra utanríkisviðskipta er gagnkvæmt traust þjóða í milli. Hver þjóð, sem opnar hagkerfi sitt fyrir frjálsum innflutningi og alþjóðaviðskiptum, tekur á sig áhættu. Það er hlutverk alþjóðastofnana að draga úr þessari áhættu með því annars vegar að veita þeim þjóðum aðstoð, sem lent hafa í tímabundnum fjárhagslegum erfiðleikum, en jafnframt að koma á þeirri reglu, að engin þjóð skuli leysa efnahagsvandamál sín með aðgerðum, sem að einhverju eða öllu leyti eru gerðar á annarra kostnað.*

*Svo góður árangur hefur náðst í þessu efni á undanförnum árum, að mikill hugur er í mönnum víða um heim að halda lengra áfram á braut alþjóðlegrar efnahagssamvinnu. Eru nú uppi ýmsar mjög mikilvægar ráðagerðir í þeim efnum. Má einkum nefna tillögur um fríverzlun Evrópu, sem Efnahagssamvinnustofnun Evrópu hefur til meðferðar, og nú í október hafa verið gerðar tillögur um stóraukin framlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í því skyni, að þessar stofnanir geti gegnt hlutverki sínu í framtíðinni með meiri árangri en hingað til.*

## *III.*

*Íslendingar hafa fulla ástæðu til að fylgjast af athygli með því, sem gerist í þessum málum. Þeir hafa á undanförnum árum notið í mörgu góðs af alþjóðlegri efnahagssamvinnu. Því ber þó ekki að neita, að hún hefði getað orðið Íslendingum miklu meira virði, ef efnahagsmálum þeirra hefði verið komið í betra horf. Alþjóðleg efnahagssamvinna hlýtur fyrst og fremst að miða að því að hjálpa þeim þjóðum, sem sjálfar eru reiðubúnar til þess að fylgja skynsamlegri stefnu í efnahagsmálum. Við því er ekki að búast, að hægt sé að aðstoða til langframa þá, sem ekki treysta sér til að gera þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar eru til jafnvægis. Það ætti því að vera eitt meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum að gera þjóðinni kleift að taka virkan þátt í þeirri víðtæku samvinnu, sem nú á sér stað þjóða á milli, í því skyni að koma á frjálsari og heilbrigðari alþjóðaviðskiptum.*

*J. N.*

# Fiskframleiðsla í heiminum

**Þróun í fiskveiðum síðustu áratugina — Fiskveiðar Íslendinga — Þorskveiðar á Íslandsmiðum — Síldveiðar á Íslandsmiðum.**

Fiskveiðar eru mjög mikilvægur þáttur í fæðuöflun mannkynsins, og þær eru einn helzti atvinnuvegur margra þjóða. Beztu fiskimið heimsins eru á norðurhveli jarðar og þá einkum í Atlantshafi. Teikning á næstu síðu sýnir, hvernig fiskveiðar skiptust eftir hinum ýmsu hafssvæðum árið 1956. Mest veiddist á Norðaustur-Atlantshafi, en það er svæðið milli Grænlands og Vestur-Evrópu. Næst kom Norðvestur-Kyrrahaf, en Japanseyjar eru á því svæði. Fiskveiðar í vötnum eru víða allmiklar, en langmest kveður að þeim í Asíu.

Línurit á 119. bls. sýnir aflamagn 34 mestu fiskveiðiþjóða heims árið 1956, en aðrar þjóðir veiddu minna en 100.000 tonn hver. Japanir veiða langmest, en síðan koma stórþjóðirnar: Bandaríkjamenn, Kínverjar og Rússar. Í fimmta sæti eru svo Norðmenn, og veiða þeir helmingi meira en næsta þjóð á eftir þeim. Íslendingar eru í 14. sæti þetta ár, litlu neðar en Frakkar, en með töluvert meira aflamagn en Portúgalar og Danir. Portúgalska nýlendan Angóla í Suðvestur-Afríku er ofarlega í röðinni. Kórea, sem er tvískipt í 19. og 20. sæti, hefði verið í 11. sæti, ef hún væri sameinuð. Færeyingar rétt ná því að komast á þennan lista með 116.000 tonna fiskafla.

*Þróun í fiskveiðum síðustu áratugina.*

Á 1.—5. töflu er sýnd þróunin í fiskveiðum nokkurra landa frá því fyrir stríð. Auk Evrópulanda eru tekin helztu fiskveiðilönd utan Evrópu. Fyrst er sýndur heildarafli og síðan „þorskveiðar“[1]) og síldveiðar hvort í sínu lagi. Einnig eru á 2. og 4. töflu sýndar vísitölur heildarfiskveiða og „þorskveiða“ fyrir nokkur ár miðað við 1938 = 100. Þróunin hefur verið mjög mismunandi í hinum ýmsu löndum, þótt yfirleitt hafi verið um aukningu að ræða. Aflaaukningin hjá Íslendingum hefur verið minni undan-

*1. tafla. Fiskveiðar nokkurra landa.*
*(Fiskur úr sjó í þúsundum tonna).*

| | *1938* | *1948* | *1953* | *1956* |
|---|---|---|---|---|
| Belgía ....... | 42,8 | 70,8 | 74,4 | 69,1 |
| Bretland ..... | 1.198,1 | 1.206,1 | 1.122,0 | 1.050,4 |
| Danmörk .... | 97,1 | 225,9 | 342,8 | 463,0 |
| Frakkland (ásamt Alsír) | 530,3 | 467,5 | 520,3 | 537,9 |
| Færeyjar ..... | 63,0 | 92,3 | 88,8 | 116,3 |
| Holland ...... | 256,2 | 294,1 | 343,3 | 298,1 |
| *Ísland* ....... | *274,3* | *478,1* | *424,7* | *517,3* |
| Noregur ..... | 1.152,5 | 1.504,0 | 1.557,1 | 2.128,9 |
| Portúgal ..... | 247,2 | 292,1 | 425,2 | 471,3 |
| Spánn ....... | 408,5 | 547,2 | 635,1 | 749,1 |
| Svíþjóð ...... | 129,2 | 193,9 | 197,3 | 197,0 |
| V.-Þýzkaland . | 776,5 | 408,7 | 730,4 | 770,8 |
| Bandaríkin .. | 2.253,1 | 2.409,9 | 2.437,5 | 2.935,9 |
| Kanada (ásamt Nýfundnal.) | 836,8 | 1.052,9 | 925,1 | 1.076,9 |
| Rússland .... | 1.550,0 | 1.490,0 | 1.980,0 | 2.640,0 |
| Japan ....... | 3.562,0 | 2.431,4 | 4.521,6 | 4.762,6 |

[1]) Þegar talað er um „þorskveiði“ í þessari grein innan tilvitnunarmerkja, er átt við allar fiskveiðar aðrar en síldveiðar.




*Heildarfiskveiðar árið 1956 skipt eftir helztu fiskimiðum.*

Hafssvæði:

A: Norðvestur-Atlantshaf
B: Norðaustur-Atlantshaf
C: Miðjarðarhaf og Svartahaf
D: Norðvestur-Kyrrahaf
E: Norðaustur-Kyrrahaf
F: Mið-Atlantshaf, vesturhluti
G: Mið-Atlantshaf, austurhluti
H: Vestur-Indlandshaf
I: Mót Indlandshafs og Kyrrahafs
J: Mið-Kyrrahaf, austurhluti
K: Suðvestur-Atlantshaf
L: Suðaustur-Atlantshaf
M: Suðvestur-Kyrrahaf
N: Suðaustur-Kyrrahaf

Vatnasvæði:

I: Afríka
II: Norður-Ameríka
III: Suður-Ameríka.
IV: Asía
V: Evrópa
VI: Ástralía
VII: Rússland

farin ár en hjá sumum öðrum þjóðum. Þetta stafar nær eingöngu af aflatregðu á síldveiðum við Ísland, en „þorskveiðarnar" hafa gengið mun betur og farið vaxandi. Í sambandi við aðrar þjóðir er mest áberandi aflaaukningin hjá Dönum, og einnig hefur hún orðið mikil hjá Portúgölum.

Línurit á næstu opnu sýna, hvernig aflamagn helztu Evrópuþjóða hefur skipzt eftir fisktegundum og verkun eða hagnýtingu aflans. Er til dæmis athyglisvert að sjá, að á þeim árum, sem miðað er við, hafa nær ¾ hlutar af afla Norðmanna verið síld. Í flestum þessum löndum er mikill hluti aflans nýr fiskur og ísaður, en hvergi er eins mikið hraðfryst í Evrópu og

*2. tafla. Fiskveiðar nokkurra landa.*

*Vísitölur: 1938 = 100.*

| | *1948* | *1953* | *1956* |
|---|---|---|---|
| Belgía | 165 | 174 | 161 |
| Bretland | 101 | 94 | 88 |
| Danmörk | 233 | 353 | 477 |
| Frakkland (ásamt Alsír) | 88 | 98 | 101 |
| Færeyjar | 147 | 141 | 185 |
| Holland | 115 | 134 | 116 |
| *Ísland* | *174* | *155* | *189* |
| Noregur | 130 | 135 | 185 |
| Portúgal | 118 | 172 | 191 |
| Spánn | 134 | 155 | 183 |
| Svíþjóð | 150 | 153 | 152 |
| V.-Þýzkaland | 53 | 94 | 99 |
| Bandaríkin | 107 | 108 | 130 |
| Kanada (ásamt Nýfundnal.) | 126 | 111 | 129 |
| Rússland | 96 | 128 | 170 |
| Japan | 68 | 127 | 134 |

FISKVEIÐAR 34 MESTU FISKVEIÐIÞJÓÐA HEIMS ÁRIÐ 1956



# FISKTEGUNDIR.

SKIPTING AFLA 12 EVRÓPUÞJÓÐA
EFTIR FISKTEGUNDUM.
Meðaltal áranna 1949 - 1953.



# HAGNÝTING.

HAGNÝTING AFLA 11 EVRÓPUÞJÓÐA.
Meðaltal áranna 1949 - 1953.



*3. tafla. „Þorskveiðar" nokkurra landa.*
*(Fiskur úr sjó í þúsundum tonna).*

| | 1938 | 1948 | 1953 | 1956 |
|---|---|---|---|---|
| Belgía ....... | 14,3 | 22,8 | 29,6 | 32,0 |
| Bretland ..... | 735,3 | 740,7 | 708,8 | 747,4 |
| Danmörk .... | 25,2 | 58,0 | 47,5 | 61,3 |
| Frakkland (ásamt Alsír) | 177,0 | 143,6 | 161,0 | 188,4 |
| Færeyjar .... | 58,0 | 91,3 | 71,1 | 92,0 |
| Holland ..... | 21,6 | 13,6 | 22,1 | 28,6 |
| *Ísland* ....... | *111,5* | *281,4* | *308,6* | *346,5* |
| Noregur ...... | 426,5 | 398,6 | 447,8 | 578,8 |
| Portúgal ..... | 53,6 | 118,2 | 211,7 | 234,8 |
| Spánn ....... | 88,0 | 158,1 | 194,7 | 225,8 |
| Svíþjóð ...... | 31,9 | 59,8 | 45,8 | — |
| V.-Þýzkaland . | 301,2 | 172,8 | 157,3 | 272,0 |
| Bandaríkin ... | 189,4 | 173,6 | 141,0 | 231,8 |
| Kanada (ásamt Nýfundnal.) | 415,1 | 451,4 | 361,1 | 463,8 |
| Rússland ..... | 255,4 | 255,7 | 341,0 | 737,3 |
| Japan ....... | 194,1 | 183,8 | 253,1 | 270,1 |

*4. tafla. „Þorskveiðar" nokkurra landa.*
*Vísitölur: 1938 = 100.*

| | 1948 | 1953 | 1956 |
|---|---|---|---|
| Belgía .................... | 159 | 207 | 224 |
| Bretland ................. | 101 | 96 | 102 |
| Danmörk ................. | 230 | 188 | 243 |
| Frakkland (ásamt Alsír) ... | 81 | 91 | 106 |
| Færeyjar ................ | 157 | 123 | 159 |
| Holland .................. | 63 | 102 | 132 |
| *Ísland* ................... | *252* | *277* | *311* |
| Noregur .................. | 93 | 105 | 136 |
| Portúgal .................. | 221 | 395 | 438 |
| Spánn .................... | 180 | 221 | 257 |
| Svíþjóð ................... | 187 | 144 | — |
| V.-Þýzkaland ............. | 57 | 52 | 90 |
| Bandaríkin ............... | 92 | 74 | 122 |
| Kanada (ásamt Nýfundnal.) | 109 | 87 | 112 |
| Rússland .................. | 100 | 134 | 289 |
| Japan .................... | 95 | 130 | 139 |

á Íslandi. Aðeins þrjú lönd munu framleiða meira af hraðfrystum fiski en Ísland, en það eru Japan, Bandaríkin og Kanada.

*Fiskveiðar Íslendinga.*

Frá því á síðustu áratugum 19. aldar hafa fiskveiðar Íslendinga stöðugt farið vaxandi, þótt aflinn hafi minnkað eitthvað nokkur einstök ár, borið saman við árin á undan. Vöxtur fiskiskipaflotans hefur verið undirstaða þessarar þróunar og einnig aukin þekking og stöðugt fullkomnari tækni, sem beitt hefur verið við veiðarnar. Á 6. töflu er þróunin sýnd í stórum dráttum, þar sem sýndur er fiskaflinn að meðaltali á hverjum 5 árum frá 1910.

Eins og kunnugt er, veiða Íslendingar ekki eingöngu hér við land, heldur stunda þeir einnig veiðar við Grænland, lítið eitt í Hvítahafi og jafnvel við Nýfundnaland. Á styrjaldarárunum (1939—1945) tók að mestu fyrir veiðar útlendinga við Ísland, en

*5. tafla. Síldveiðar nokkurra landa.*
*(Síld úr sjó í þúsundum tonna.)*

| | 1938 | 1948 | 1953 | 1956 |
|---|---|---|---|---|
| Belgía ....... | 7,0 | 24,7 | 18,5 | 10,2 |
| Bretland ..... | 284,4 | 277,4 | 246,6 | 151,2 |
| Danmörk .... | 15,0 | 30,2 | 26,7 | 187,7 |
| Frakkland (ásamt Alsír) | 115,3 | 120,8 | 120,0 | 110,5 |
| Færeyjar ..... | 4,8 | 1,0 | 17,1 | 23,7 |
| Holland ...... | 118,4 | 164,8 | 182,3 | 138,6 |
| *Ísland* ....... | *155,9* | *150,1* | *69,5* | *100,5* |
| Noregur ..... | 662,5 | 963,9 | 961,5 | 1.372,1 |
| Portúgal ..... | 120,5 | 81,0 | 101,9 | 105,6 |
| Spánn ....... | 149,2 | 127,1 | 137,0 | 160,7 |
| Svíþjóð ...... | 76,7 | 107,3 | 124,3 | — |
| V.-Þýzkaland . | 224,6 | 173,0 | 344,0 | 272,8 |
| Bandaríkin ... | 839,9 | 825,1 | 910,8 | 1.137,1 |
| Kanada (ásamt Nýfundnal.) | 199,4 | 359,6 | 250,4 | 317,2 |
| Rússland ..... | 431,4 | 325,5 | 670,3 | 777,1 |
| Japan ....... | 1.127,8 | 567,4 | 935,2 | 677,1 |

*6. tafla. Fiskveiðar Íslendinga síðustu áratugina.*
*(Miðað við landaðan afla í þús. tonna.)*

| *Meðaltal áranna* | *Heildar-fiskveiði* | *Þar af síldveiði* | *Önnur veiði en síldveiði* |
|---|---|---|---|
| 1910—14 | 66 | 4 | 62 |
| 1915—19 | 93 | 12 | 81 |
| 1920—24 | 147 | 19 | 128 |
| 1925—29 | 232 | 29 | 193 |
| 1930—34 | 304 | 67 | 238 |
| 1935—39 | 283 | 132 | 152 |
| 1940—44 | 367 | 173 | 194 |
| 1945—49 | 353 | 122 | 231 |
| 1950—55 | 346 | 56 | 290 |
| 1955 | 409 | 54 | 355 |
| 1956 | 444 | 100 | 344 |
| 1957 | 436 | 117 | 319 |

*7. tafla. „Þorskveiðar" við Ísland, skipt eftir veiðiþjóðum, 1936—1956.*

*(Fiskur úr sjó í þús. tonna).*

| | *Ísland* | *Bretland* | *Þýzkaland* | *Frakkland* | *Belgía* | *Holland* | *Danmörk og Færeyjar* | *Noregur* | *Svíþjóð* | *Alls* | *Öll „þorskveiði" á N.-Atlantshafi* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1936 | 150,9 | 177,3 | 110,2 | 5,2 | 3,1 | — | 15,5 | 8,3 | — | 470,5 | 2.078,1 |
| 1937 | 148,1 | 183,2 | 103,8 | 11,8 | 4,0 | — | 21,2 | 1,2 | — | 473,3 | 2.265,9 |
| 1938 | 173,0 | 164,4 | 138,4 | 6,1 | 4,7 | — | 24,0 | 5,3 | — | 515,9 | 2.306,9 |
| 1939 | 165,4 | 4,0 | 97,8 | — | 6,0 | — | 24,0 | 7,7 | — | 304,9 | 2.104,9 |
| 1940 | 187,7 | 3,0 | — | — | — | — | — | — | — | 190,7 | 1.278,2 |
| 1941 | 201,0 | 6,0 | — | — | — | — | — | — | — | 207,0 | 1.303,9 |
| 1942 | 240,0 | 6,9 | — | — | — | — | — | — | — | 246,9 | 1.367,9 |
| 1943 | 253,1 | 6,4 | — | — | — | — | — | — | — | 259,5 | 1.387,0 |
| 1944 | 306,9 | 7,4 | — | — | — | — | — | — | — | 314,3 | 1.402,0 |
| 1945 | 276,7 | 9,2 | — | — | — | 0,1 | — | — | — | 286,0 | 1.554,5 |
| 1946 | 252,0 | 54,0 | 29,3 | — | 2,2 | — | — | 0,2 | — | 337,7 | 2.255,2 |
| 1947 | 276,6 | 74,9 | — | 1,9 | 8,7 | — | — | 0,1 | — | 362,2 | 2.508,0 |
| 1948 | 371,6 | 122,3 | 39,1 | 2,8 | 8,3 | 1,0 | 0,2 | 0,0 | 0,1 | 545,4 | 2.615,5 |
| 1949 | 364,2 | 134,7 | 81,3 | 1,5 | 10,4 | — | 0,4 | 0,1 | 0,4 | 593,0 | 2.725,2 |
| 1950 | 323,0 | 155,8 | 122,0 | 0,1 | 9,8 | 2,6 | 1,6 | 1,0 | 0,1 | 616,0 | 2.657,3 |
| 1951 | 342,2 | 169,6 | 151,8 | 0,5 | 15,8 | 0,9 | 1,2 | 4,4 | — | 686,4 | 3.105,4 |
| 1952 | 352,9 | 149,1 | 181,7 | — | 18,3 | 0,3 | 16,9 | 4,9 | — | 724,1 | 3.362,7 |
| 1953 | 365,1 | 242,0 | 217,2 | — | 19,8 | — | 17,9 | 8,0 | — | 870,0 | 3.449,9 |
| 1954 | 388,6 | 234,4 | 212,7 | — | 20,3 | 0,4 | 17,1 | 7,6 | 0,1 | 881,2 | 3.400,1 |
| 1955 | 397,3 | 199,0 | 169,1 | — | 27,1 | — | 20,1 | 7,4 | — | 820,0 | 4.684,1 |
| 1956 | 391,9 | 181,7 | 146,4 | — | 24,2 | — | 18,2 | 4,7 | — | 767,1 | 4.870,2 |

*8. tafla. Heildarveiði helztu fisktegunda annarra en síldar við Ísland 1936—1956.*

*(Fiskur úr sjó í þús. tonna).*

| | *Þorskur* | *Ýsa og lýsa* | *Ufsi* | *Langa* | *Keila* | *Karfi* | *Steinbítur* | *Lúða* | *Koli, allar teg.* | *Annar fiskur* | *Alls* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1936 | 283,6 | 25,6 | 51,8 | 6,8 | 1,4 | 57,6 | 9,3 | 2,6 | 10,3 | 21,5 | 470,5 |
| 1937 | 297,8 | 25,9 | 49,7 | 5,9 | 1,4 | 45,3 | 11,7 | 2,9 | 10,7 | 22,0 | 473,3 |
| 1938 | 311,3 | 26,0 | 57,3 | 7,2 | 1,8 | 64,8 | 10,8 | 2,6 | 8,6 | 25,5 | 515,9 |
| 1939 | 198,4 | 14,0 | 32,5 | 4,6 | 1,0 | 41,2 | 2,3 | 1,2 | 3,8 | 5,9 | 304,9 |
| 1940 | 148,1 | 19.9 | 6,3 | 1,6 | 0,9 | 1,5 | 3,1 | 1,0 | 5,3 | 3,0 | 190,7 |
| 1941 | 158,4 | 15,8 | 15,6 | 2,4 | 1,3 | 0,7 | 4,0 | 0,8 | 5,2 | 2,8 | 207,0 |
| 1942 | 175,6 | 17,4 | 29,8 | 0,9 | 1,6 | 1,0 | 8,4 | 1,3 | 7,7 | 3,2 | 246,9 |
| 1943 | 188,9 | 13,9 | 34,3 | 1,1 | 1,2 | 3,7 | 7,7 | 1,0 | 5,5 | 2,2 | 259,5 |
| 1944 | 220,1 | 12,7 | 56,4 | 1,7 | 2,0 | 7,3 | 7,3 | 1,1 | 5,1 | 0,6 | 314,3 |
| 1945 | 215,9 | 14,1 | 27,2 | 2,6 | 1,5 | 10,3 | 7,0 | 1,6 | 5,0 | 0,8 | 286,0 |
| 1946 | 215,9 | 14,1 | 27,2 | 2,6 | 1,5 | 8,2 | 4,7 | 1,7 | 5,7 | 3,6 | 337,7 |
| 1947 | 237,9 | 29,3 | 40,0 | 5,2 | 1,4 | 10,2 | 6,8 | 2,1 | 9,5 | 1,4 | 362,2 |
| 1948 | 293,3 | 55,2 | 108,7 | 12,5 | 3,1 | 33,9 | 17,5 | 4,7 | 13,8 | 2,7 | 545,4 |
| 1949 | 314,5 | 69,7 | 84,8 | 12,3 | 4,1 | 61,1 | 20,7 | 5,9 | 15,5 | 4,4 | 593,0 |
| 1950 | 321,5 | 62,6 | 53,2 | 10,3 | 3,5 | 125,9 | 12,8 | 5,9 | 13,6 | 6,7 | 616,0 |
| 1951 | 326,9 | 57,0 | 74,1 | 10,9 | 3,5 | 166,5 | 17,3 | 6,6 | 12,8 | 10,7 | 686,3 |
| 1952 | 391,9 | 48,1 | 88,3 | 11,5 | 6,3 | 126,6 | 25,0 | 5,7 | 9,0 | 11,7 | 724,1 |
| 1953 | 515,2 | 56,4 | 73,1 | 11,5 | 6,3 | 157,5 | 24,0 | 4,8 | 8,1 | 13,1 | 870,0 |
| 1954 | 546,3 | 64,4 | 69,6 | 13,1 | 5,1 | 141,1 | 15,9 | 4,0 | 9,2 | 12,5 | 881,2 |
| 1955 | 536,8 | 67,0 | 47,8 | 11,7 | 5,2 | 110,3 | 14,7 | 3,2 | 10,9 | 12,4 | 820,0 |
| 1956 | 482,3 | 64,5 | 67,8 | 11,5 | 5,1 | 92,9 | 17,9 | 3,3 | 11,2 | 10,6 | 767,1 |

þær hófust á ný eftir stríðið og hafa síðan aukizt mikið. Alþjóðahafrannsóknarráðið, sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn, safnar skýrslum frá hinum ýmsu þjóðum um veiðar á Norður-Atlantshafi. Þó vantaði skýrslur frá Færeyingum frá 1940 fram til 1952 og skýrslur frá Austur-Evrópuþjóðum fram til 1955.

### *„Þorskveiðar" á Íslandsmiðum.*

Á 7. töflu er sýnt yfirlit yfir „þorskveiðar" við Ísland árin 1936—1955, skipt eftir löndum. Þar er og sýnd (í aftasta dálki) „heildarþorskveiðin" á öllu Norður-Atlantshafi.

Fyrst eftir stríðið var fiskveiðifloti Breta svo úr sér genginn, að hann sótti litið á fjarlæg mið, en flotinn var fljótlega endurnýjaður, og hóf hann þá aftur veiðar hér við land í stórum stíl. Sækjast Bretar mest eftir svokölluðum góðfiski, þ. e. ýsu, lúðu og kola.

Þjóðverjar eru önnur mesta erlenda veiðiþjóðin við Ísland. Veiða þeir mikið ufsa og karfa, og er karfaafli þeirra oft meiri en þorskaflinn. Belgíumenn eru þriðja mesta erlenda veiðiþjóðin hér, og veiða þeir mest af þorski.

Línurit á þessari síðu sýnir hlutfallslega skiptingu „þorskaflans" á Íslandsmiðum milli þriggja helztu þjóðanna, er stunda þar veiðar, en í þeirra hlut hafa komið um 93—97% aflans undanfarin ár. Þetta línurit er gert samkvæmt skýrslum Alþjóðahafrannsóknarráðsins, en því hefur ekki tekizt að afla fullkominna upplýsinga frá styrjaldarárunum. Þannig vantar upplýsingar um veiðar Englendinga og Frakka á Íslandsmiðum á árinu 1939. Aftur á móti eru sýndar veiðar Skota öll styrjaldarárin. Þetta kemur einnig fram á 7. töflu, en veiðar Englendinga og Skota eru teknar saman undir „Bretlandi".

Á 8. töflu er sýnd heildarveiði helztu fisktegunda annarra en síldar á miðunum við Ísland. Sjálfur þorskurinn er langmest veiddur þessara fisktegunda, og fór þorskaflinn stöðugt vaxandi frá stríðslokum fram til ársins 1955, en síðan hefur hann

*Hlutfallsleg skipting „þorskaflans" á Íslandsmiðum eftir löndum.*



*9. tafla. Síldveiðar á Íslandsmiðum 1936—1956.*

*(Afli í þús. tonna).*

| | *Ísland* | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Síld önnur en Norðurl. síld* | *Norðurl. síld* | *Noregur* | *Svíþjóð* | *Önnur lönd* | *Samtals* | *Öll síldveiði á N.-Atlantshafi* |
| 1936 | 5,3 | 120,6 | 23,9 | 2,1 | 3,5 | 155,4 | 1.625,7 |
| 1937 | 1,9 | 204,7 | 24,3 | 2,0 | 11,9 | 244,8 | 1.590,1 |
| 1938 | 3,3 | 174,4 | 18,2 | 2,4 | 9,0 | 207,3 | 1.623,2 |
| 1939 | 5,3 | 129,3 | 14,4 | 2,4 | 8,9 | 160,3 | 1.170,4 |
| 1940 | 3,2 | 211,3 | — | — | — | 214,5 | 1.175,2 |
| 1941 | 6,8 | 102,1 | — | — | — | 108,9 | 819,3 |
| 1942 | 1,2 | 143,7 | — | — | — | 144,9 | 846,3 |
| 1943 | 1,0 | 176,0 | — | — | — | 177,0 | 868,1 |
| 1944 | 0,2 | 216,2 | — | — | — | 216,4 | 897,3 |
| 1945 | 2,1 | 51,5 | 4,6 | 1,2 | — | 59,4 | 912,8 |
| 1946 | 4,8 | 128,2 | 12,4 | 4,6 | 0,1 | 150,1 | 1.253,2 |
| 1847 | 74,6 | 141,6 | 21,7 | 4,7 | 1,0 | 243,6 | 1.554,3 |
| 1948 | 94,1 | 56,0 | 23,9 | 4,6 | 1,6 | 180,2 | 1.881,7 |
| 1949 | 10,4 | 61,1 | 25,9 | 5,7 | 1,9 | 105,0 | 1.562,0 |
| 1950 | 26,1 | 34,3 | 11,2 | 1,8 | 1,1 | 74,5 | 1.677,4 |
| 1951 | 25,9 | 58,9 | 17,1 | 2,4 | 1,4 | 105,7 | 2.167,6 |
| 1952 | 20,9 | 11,2 | 23,6 | 5,3 | 0,5 | 61,5 | 2.103,6 |
| 1953 | 26,9 | 42,6 | 16,6 | 8,1 | 1,2 | 95,4 | 2.016,3 |
| 1954 | 20,7 | 26,6 | 7,3 | 6,0 | 0,6 | 61,2 | 2.590,7 |
| 1955 | 23,7 | 28,9 | 17,8 | 3,5 | 0,6 | 74,5 | 2.621,5 |
| 1956 | 30,3 | 70,9 | 20,8 | 1,7 | 0,4 | 124,1 | 2.812,7 |

minnkað lítið eitt. Ýsuveiðin hefur hins vegar verið misjöfn. Hún óx mjög fyrstu árin eftir stríð, tók svo að minnka aftur 1950, en hefur nú aukizt á ný. Ufsaveiðin hefur verið misjöfn, en hefur mjög farið eftir því, hve mikið hefur verið sótzt eftir ufsanum. Á árunum 1948 til 1949 veiddu Íslendingar mikinn karfa fyrir Þýzkalandsmarkað, en eftir það fullnægðu þýzkir togarar að mestu eftirspurninni heima fyrir að þessu leyti. Árið 1950 og 1951 veiddu Íslendingar mikinn karfa hér við land til vinnslu í verksmiðjum, en verð á lýsi var þá mjög hátt. En minnkandi veiði leiddi til þess, að farið var að stunda karfaveiðar við Grænland árið 1952. Síðan hafa Þjóðverjar einkum stundað karfaveiðar við Ísland, og veiddu þeir 118 þús. tonn árið 1953, en veiðin hefur farið minnkandi síðan. Steinbítur veiðist aðallega á takmörkuðum svæðum og þá einkum hér við land, en héðan hafa komið um 70% af allri steinbítsveiðinni á Norður-Atlantshafi síðustu árin. Steinbítsaflinn hefur farið minnkandi undanfarið. „Annar fiskur“ í yfirlitinu er að miklu leyti veiði, sem ekki er sundurgreind í skýrslum, einnig er þar meðtalin skata, sem talsvert hefur verið veitt af hér við land sum árin.

*Síldveiðar á Íslandsmiðum.*

Yfirlit yfir síldveiðar á Íslandsmiðum er sýnt á 9. töflu. Síldveiði Færeyinga er ekki talin með frá 1940 fram til 1952. Útlendingar stunda nær eingöngu síldveiði hér við Norður- og Austurland að sumarlagi, en Íslendingar hafa setið einir að annarri síldveiði við landið. Er síldarafli Íslendinga því sýndur í tvennu lagi í yfirlitinu, annars vegar Norðurlandssíld og hins vegar önnur síld, svo að fram komi hlutdeild erlendra skipa í Norðurlandssíldinni.

# Greiðslujöfnuður árið 1957

**Greiðslujöfnuður þjóðarinnar er bezti mælikvarðinn á afkomu hennar út á við. Í þessari grein er skýrt frá greiðslujöfnuði ársins 1957 og skiptingu á einstaka tekju- og gjaldaliði og á greiðslusvæði. Einnig er gerður samanburður við afkomu undanfarinna ára.**

*Inngangur.*

Vöruskiptajöfnuðurinn eða mismunurinn á verðmæti innflutnings og útflutnings er ófullkominn mælikvarði á viðskipti þjóðarbúsins við umheiminn. Margt annað skiptir þar miklu máli, t. d. skipagjöld, tryggingagjöld, vinnulaun o. fl., en allar slíkar greiðslur eru kallaðar duldar tekjur og gjöld. Sé reiknaður mismunur á heildartekjum og gjöldum þjóðarinnar út á við fyrir vörur og þjónustu, fæst greiðslujöfnuðurinn við útlönd, en hann er oft frábrugðinn verzlunarjöfnuðinum. Undanfarin ár hafa Íslendingar haft miklar duldar gjaldeyristekjur, aðallega vegna framkvæmda á vegum varnarliðsins. Greiðslujöfnuðurinn hefur því verið hagstæðari en verzlunarjöfnuðurinn. Þá er og þess að geta, að tölurnar um verzlunarjöfnuðinn, sem birtar eru í verzlunarskýrslum, eru miðaðar við fob-verðmæti útflutningsins, en cif-verðmæti innflutningsins. Verzlunarjöfnuðurinn verður þannig óhagstæðari en vera mundi, ef verðmæti inn- og útflutnings væri gert upp á sama grundvelli. Árið 1957 voru duldar tekjur og gjöld svo til jafnhá, og er því mismunurinn á verzlunar- og greiðslujöfnuðinum einkum vegna þessa atriðis. Á línuriti á þessari síðu er annars vegar sýnt, hve út- og innflutningur hefur verið mikill hluti af heildargjaldeyristekjum og gjöldum fyrir vörur og þjónustu síðustu fimm árin. Hins vegar er sýndur



*1. tafla. Fjármagnshreyfingar og gjafafé, nettó.*

+ = Fé frá útlöndum, þ. e. a. s. lántökur eða lækkun innstæðna.
÷ = Fé til útlanda, þ. e. a. s. lánveitingar eða aukning innstæðna.

| | *Langar lántökur að frádr. afborg.* | *Breyting á aðstöðu banka* | *Aðrar fjármagnshreyfingar* | *Gjafafé* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1953 | + 30,0 | ÷ 42,7 | + 20,3 | + 103,8 | + 111,4 |
| 1954 | + 29,1 | ÷ 12,4 | + 4,4 | + 12,5 | + 33,6 |
| 1955 | + 2,6 | + 119,4 | + 25,0 | + 3,5 | + 150,5 |
| 1956 | + 126,5 | ÷ 15,0 | + 41,0 | — | + 152,5 |
| 1957 | + 169,7 | + 25,2 | ÷ 9,4 | — | + 185,5 |

mismunurinn á verzlunarjöfnuðinum og greiðslujöfnuðinum þessi ár. Tekið skal fram, að innflutningurinn er á þessu línuriti og annars staðar í greininni talinn fob, en ekki cif eins og í verzlunarskýrslum, samanber það, sem áður er sagt.

*Fjármagnshreyfingar.*

Eins og sést á línuritinu, hefur orðið greiðsluhalli öll árin, en hann hefur verið jafnaður með gjafafé og fjármagnshreyfingum. Gjafafé skiptir mestu máli í þessu sambandi árið 1953, en jöfnuði hefur síðan verið náð með erlendum lántökum og breytingu á gjaldeyrisstöðu bankanna. Á 1. töflu sést skipting fjármagnshreyfinga og gjafafjár síðustu fimm árin. Þegar meta skal, hvort þróun gjaldeyrismálanna hafi verið hagstæð, er fyrst og fremst litið á breytingar á aðstöðu bankanna gagnvart útlöndum og aðrar fjármagnshreyfingar til skamms tíma, svo sem lækkun á inneignum eða stuttar lántökur, því að greiðsluhalli, sem jafnaður er með löngum lánum eða gjafafé, má oft teljast eðlilegur. Hitt er alvarlegra, þegar bankar og aðrir aðilar safna lausaskuldum og þurfa að ganga á innstæður sínar erlendis.

*Skipting greiðslujafnaðar eftir löndum.*

Á 3. töflu má sjá greiðslujöfnuðinn árin 1953—1957, skipt á landssvæði. Til sterling-greiðslusvæðisins telst auk Bretlands Írland, brezkar nýlendur og sambandslönd önnur en Kanada. Til annarra landa á E.P.U.-greiðslusvæðinu teljast öll þátttökuríki í Greiðslubandalagi Evrópu önnur en Bretland og Írland og auk þess nýlendur ríkjanna. Til annarra landa í Evrópu teljast Finnland, Spánn og Júgóslavía.

Greiðslujöfnuðurinn við Bandaríkin og Kanada hefur verið hagstæður þessi fimm ár, sem taflan nær yfir, en því valda hinar miklu duldu tekjur, sem Íslendingar hafa haft vegna bandaríska varnarliðsins. Hinn hagstæði dollarajöfnuður hefur verið notaður til jöfnunar á viðskiptum við sterling- og E.P.U.-greiðslusvæðin, en þessi viðskipti hafa verið mjög óhagstæð öll árin, eins og taflan sýnir.

*Skýringar við greiðslujöfnuð.*

Önnur tafla sýnir yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1953—1957. Frá og með árinu 1955 er yfirlitið samið af hagfræðideild Landsbankans, en áður annaðist Hagstofa Íslands samningu greiðslujafnaðarskýrslna. Upplýsingar eru fengnar frá ýmsum fyrirtækjum og opinberum aðilum. Þær eru þó víða ófullnægjandi, og hefur þurft að gera áætlanir á einstökum liðum, en þær eru að sjálfsögðu ekki nákvæmar. Mætti t. d. benda á, að væru nákvæmar upplýsingar fyrir hendi, ætti mismunur á fjármagnshreyfingum að viðbættu gjafafé að vera jafnhár greiðsluhallanum og vega þannig upp á móti honum. Í yfirlitinu hef-

## *2. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd.*

(Í millj. kr.)

*A. Vörur og þjónusta.*

| Gjöld: | *1953* | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Innfluttar vörur (fob), tollafgreiddar ...... | 973,7 | 1.007,0 | 1.116,7 | 1.268,6 | 1.153,2 |
| 2. Innfluttar vörur v/ varnarliðsins (fob) .... | 47,2 | 59,8 | 54,6 | 18,0 | 10,2 |
| 3. Ferða- og dvalarkostnaður erlendis ........ | 19,8 | 26,0 | 28,9 | 35,7 | 39,5 |
| 4. Útgjöld ísl. skipa erlendis ................ | 54,7 | 59,2 | 71,0 | 74,4 | 69,6 |
| 5. Greiðslur til áhafna skipa og flugvéla í erl. gjaldeyri ................................ | 8,1 | 10,2 | 11,3 | 16,4 | 16,5 |
| 6. Farmgjöld til erl. skipa .................. | 62,9 | 52,0 | 70,5 | 89,7 | 60,1 |
| 7. Útgjöld til ísl. flugvéla erlendis ........... | 11,4 | 21,8 | 39,1 | 50,5 | 74,0 |
| 8. Tryggingaiðgjöld til útlanda ............. | 44,2 | 45,4 | 44,5 | 47,7 | 51,8 |
| 9. Vextir af skuldum til útlanda ........... | 12,9 | 15,2 | 15,9 | 18,4 | 24,5 |
| 10. Erl. kostnaður við utanríkisþjónustu ...... | 6,3 | 7,5 | 7,9 | 9,3 | 9,3 |
| 11. Gjöld pósts og síma ...................... | 4,4 | 4,5 | 5,0 | 5,6 | 5,1 |
| 12. Ýmislegt ............................ | 16,9 | 19,8 | 25,7 | 30,8 | 37,9 |
| Alls | 1.262,5 | 1.328,4 | 1.491,1 | 1.665,1 | 1.551,7 |
| **Tekjur:** | | | | | |
| 13. Útfluttar vörur (fob) .................... | 706,2 | 845,9 | 847,8 | 1.031,0 | 986,6 |
| 14. Tekjur af erl. ferðamönnum ............. | 2,8 | 2,4 | 2,2 | 2,1 | 4,9 |
| 15. Farmgjöld ísl. skipa í millilandafl. ........ | 46,6 | 51,2 | 48,3 | 64,7 | 51,3 |
| 16. Fargjöld útlendinga með ísl. skipum ...... | 1,8 | 1,6 | 2,0 | 1,6 | 1,2 |
| 17. Leiga á ísl. skipum ..................... | 0,1 | — | — | — | — |
| 18. Tekjur af erl. skipum (hafnargj. o. fl.) .... | 24,4 | 17,9 | 15,3 | 7,0 | 10,4 |
| 19. Tekjur ísl. flugvéla ..................... | 12,6 | 21,7 | 40,2 | 52,5 | 72,2 |
| 20. Erl. framlög vegna flugumferðarstj. ........ | 7,5 | 8,0 | 8,4 | 10,7 | 16,8 |
| 21. Olíusala til erl. flugvéla ................. | 19,5 | 19,5 | 25,0 | 35,6 | 29,6 |
| 22. Tekjur af flutn. innan lands o. fl. ........ | 16,6 | 16,9 | 12,3 | 14,7 | 7,8 |
| 23. Tjónabætur frá erl. tryggingafélögum .... | 32,0 | 32,4 | 45,1 | 44,4 | 46,5 |
| 24. Vaxtatekjur frá útlöndum ............... | 2,0 | 3,6 | 3,9 | 2,9 | 3,1 |
| 25. Tekjur af erlendum sendiráðum .......... | 6,0 | 6,3 | 7,8 | 13,3 | 8,8 |
| 26. Tekjur vegna varnarliðsins ............. | 268,6 | 266,0 | 278,3 | 207,0 | 133,2 |
| 27. Tekjur pósts og síma .................... | 2,8 | 2,9 | 3,2 | 4,0 | 3,7 |
| 28. Ýmislegt ................................ | 9,5 | 8,4 | 9,3 | 11,2 | 9,5 |
| Alls | 1.159,0 | 1.304,7 | 1.349,1 | 1.502,7 | 1.385,6 |
| Greiðsluhalli | 103,5 | 23,7 | 142,0 | 162,4 | 166,1 |
| Alls | 1.262,5 | 1.328,4 | 1.491,1 | 1.665,1 | 1.551,7 |

*Ath.* Árin 1956 og 1957 er verðmæti innfluttrar vöru eins og annarra liða greiðslujafnaðarins umreiknað í íslenzkar krónur miðað við kaupgengi, en árin á undan er hins vegar miðað við sölugengi, eins og venja er í verzlunarskýrslum.

## 2. tafla (framhald).

| *B. Gjafafé.* | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Gjafafé í dollurum | 34,4 | 12,5 | 3,5 | — | — |
| 2. Gjafafé í Evrópugjaldeyri | 69,4 | — | — | — | — |
| Alls | 103,8 | 12,5 | 3,5 | — | — |
| *C. Fjármagnshreyfingar.* | | | | | |
| Til útlanda: | | | | | |
| 1. Afborganir af lánum einkaaðila | 16,3 | 4,4 | 13,9 | 13,5 | 23,6 |
| 2. Fyrirframgr. fyrir skip ókomin í árslok | 10,0 | 5,0 | 12,0 | 14,0 | 14,0 |
| 3. Aukning á lausafé einkaaðila nettó | 25,0 | 15,0 | — | — | 28,0 |
| 4. Afborganir af lánum opinberra aðila | 8,2 | 5,4 | 8,5 | 15,1 | 21,7 |
| 5. Aukning á erl. verðbréfaeign Landsb. | — | 70,0 | — | — | — |
| 6. Aukning á innst. banka (og ríkissj.), nettó | 42,7 | — | — | 17,0 | — |
| 7. Útflutningur á árinu ógreiddur í árslok | 14,4 | — | — | — | — |
| Alls | 116,6 | 99,8 | 34,4 | 59,6 | 87,3 |
| Mismunur (umfram frá útlöndum) | 7,6 | 21,1 | 147,0 | 152,5 | 185,5 |
| Alls | 124,2 | 120,9 | 181,4 | 212,1 | 272,8 |
| Frá útlöndum: | | | | | |
| 8. Lántökur einkaaðila | 16,4 | 10,8 | 8,8 | 57,5 | 48,8 |
| 9. Útflutn. fyrri ára greiddur á árinu | 10,0 | 14,4 | — | — | — |
| 10. Fyrirfr.gr. fyrri ára fyrir skip innfl. á árinu | 5,0 | 10,0 | 5,0 | 10,0 | 12,0 |
| 11. Lántökur opinb. aðila (lánsfé notað á árinu) | 38,1 | 28,1 | 16,2 | 97,6 | 166,2 |
| 12. Lækkun á lausafé og aukning lausaskulda einkaaðila, nettó | — | — | 32,0 | 45,0 | — |
| 13. Lækkun á verðbréfaeign Landsbankans | — | — | 45,5 | 2,0 | — |
| 14. Lækkun á innstæðum banka, nettó | — | 57,6 | 73,9 | — | 25,2 |
| 15. Fyrirframgr. fyrri ára af M.S.A.-fé notaðar á árinu | 54,7 | — | — | — | — |
| 16. Innstæður erlendra aðila | — | — | — | — | 20,6 |
| Alls | 124,2 | 120,9 | 181,4 | 212,1 | 272,8 |
| *D. Yfirlit.* | | | | | |
| 1. Vörur og þjónusta, greiðslujöfnuður | ÷103,5 | ÷ 23,7 | ÷142,0 | ÷162,4 | ÷166,1 |
| 2. Gjafafé | 103,8 | 12,5 | 3,5 | — | — |
| 3. Fjármagnshreyfingar, innkomið nettó | 7,6 | 21,1 | 147,0 | 152,5 | 185,5 |
| 4. Mismunur, þ. e. a. s. skekkjur og vantalið nettó | 7.9 | 9.9 | 8.5 | ÷ 9.9 | 19.4 |

*3. tafla. Greiðslujöfnuður fyrir vörur og þjónustu 1953—1957, skipt á lönd.*

| | *Banda-ríkin og Kanada* | *Önnur lönd í Ameríku* | *Sterling-greiðslu-svæðið* | *Önnur lönd á E.P.U.-greiðslusv.* | *Rússl. og Austur-Evrópul.* | *Önnur lönd í Evrópu* | *Önnur lönd* | *Samt.* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *1953* | | | | | | | | |
| Gjöld ........... | 422,3 | 29,0 | 262,9 | 351,1 | 92,5 | 93,1 | 11,6 | 1.262,5 |
| Tekjur .......... | 450,6 | 35,0 | 157,9 | 267,4 | 147,8 | 85,1 | 15,2 | 1.159,0 |
| Greiðslujöfnuður | + 28,3 | + 6,0 | ÷105,0 | ÷ 83,7 | + 55,3 | ÷ 8,0 | + 3,6 | ÷ 103,5 |
| *1954* | | | | | | | | |
| Gjöld ........... | 324,4 | 32,6 | 203,7 | 443,8 | 187,4 | 122,7 | 13,8 | 1.328,4 |
| Tekjur .......... | 477,4 | 35,2 | 163,3 | 340,1 | 224,9 | 53,2 | 10,6 | 1.304,7 |
| Greiðslujöfnuður | +153,0 | + 2,6 | ÷ 40,4 | ÷103,7 | + 37,5 | ÷ 69,5 | ÷ 3,2 | ÷ 23,7 |
| *1955* | | | | | | | | |
| Gjöld ........... | 372,6 | 26,0 | 219,4 | 527,3 | 250,7 | 74,2 | 20,9 | 1.491,1 |
| Tekjur .......... | 447,5 | 46,0 | 162,5 | 331,3 | 252,5 | 96,9 | 12,4 | 1.349,1 |
| Greiðslujöfnuður | + 74,9 | + 20,0 | ÷ 56,9 | ÷196,0 | + 1,8 | + 22,7 | ÷ 8,5 | ÷ 142,0 |
| *1956* | | | | | | | | |
| Gjöld ........... | 296,5 | 45,7 | 299,2 | 532,5 | 333,4 | 88,2 | 69,6 | 1.665,1 |
| Tekjur .......... | 418,4 | 40,5 | 219,0 | 396,7 | 335,6 | 83,9 | 8,6 | 1.502,7 |
| Greiðslujöfnuður | +121,9 | ÷ 5,2 | ÷ 80,2 | ÷135,8 | + 2,2 | ÷ 4,3 | ÷ 61,0 | ÷ 162,4 |
| *1957* | | | | | | | | |
| Gjöld ........... | 245,6 | 32,7 | 305,3 | 484,5 | 384,0 | 84,3 | 15,3 | 1.551,7 |
| Tekjur .......... | 306,1 | 30,9 | 248,7 | 346,0 | 259,2 | 79,4 | 15,3 | 1.385,6 |
| Greiðslujöfnuður | + 60,5 | ÷ 1,8 | ÷ 56,6 | ÷138,5 | ÷ 24,8 | ÷ 4,9 | 0 | ÷ 166,1 |

ur greiðsluhallinn hins vegar orðið 19,4 millj. kr. lægri 1957, 9,9 millj. kr. hærri 1956, 8,5 millj. kr. lægri 1955, 9,9 millj. kr. lægri 1954 og 7,9 millj. kr. lægri 1953.

*Vörur og þjónusta.* Innflutningur (1 og 2) er talinn á fob-verði, það er verði í útflutningslandinu, en ekki cif, eins og venjulega er gert í verzlunarskýrslum. Ennfremur er innflutningurinn fyrir árin 1956 og 1957 umreiknaður í íslenzkar krónur miðað við kaupgengi, en áður var miðað við sölugengi. Útflutningur er talinn á fob-verði, það er söluverði afurða, fluttra í skip í útflutningshöfn. Til þess að fá sambærilegt verð á ísfiski, sem fluttur er beint af fiskimiðunum með íslenzkum skipum til sölu í erlendum höfnum, er dreginn frá söluverði hans innflutningstollur og áætlaður sölukostnaður erlendis ásamt áætlaðri upphæð á tonn fyrir flutningskostnaði. Hann telst svo aftur til tekna í liðnum farmgjöld íslenzkra skipa í millilandaflutningum. Sama gildir um saltfisk, sem fluttur er með íslenzkum skipum af miðum til sölu erlendis, að frá söluverði hans er dreginn áætlaður sölu- og flutningskostnaður.

Í liðnum ferða- og dvalarkostnaður (3) eru námskostnaður og almennur ferða- og dvalarkostnaður aðalþættirnir. Upphæðirnar eru teknar samkvæmt gjaldeyrissölu gegn leyfum gjaldeyrisyfirvalda, og fer því að sjálfsögðu fjarri, að allt komi fram um almennan ferða- og dvalarkostnað. Árið 1957 nam upphæð námskostnaðar 15,0 millj. kr., en upphæð almenns ferða- og dvalarkostnaðar 16,8 millj. kr.

Í liðnum erlendur kostnaður við utanríkisþjónustu (10) er innifalið auk kostnaðar við rekstur sendiráða og ræðismannsskrifstofa kostnaður við opinberan erindrekstur erlendis og framlög til alþjóðastofnana. Við ákvörðun á liðnum tekjur af erlendum ferðamönnum (14) hefur nær eingöngu verið stuðzt við það, sem skilað hefur verið til bankanna af ferðamannagjaldeyri.

Eftirfarandi tölur sýna sundurliðun á farmgjaldatekjum íslenzkra skipa í millilandaflutningum (15) síðastliðin tvö ár í millj. kr.:

| | *1956* | *1957* |
|---|---|---|
| Af útflutningi ísfisks | 6,4 | 5,6 |
| Af útflutningi saltfisks | 0,3 | 0,6 |
| Af öðrum útflutningi | 57,4 | 44,3 |
| Af öðrum flutningi (aðallega vegna Keflavíkurflugvallar) | 0,6 | 0,8 |
| Samtals | 64,7 | 51,3 |

Tekjur vegna varnarliðsins (26) eru gjaldeyristekjur af olíusölu til bandaríska varnarliðsins, tekjur vegna byggingarstarfsemi og vegna annarra útgjalda þess hér á landi. Byggingarefni og olía, sem flutt er inn og selt varnarliðinu, er fært til gjalda á 2. lið.

Ýmisleg útgjöld og tekjur (12 og 28) eru einkum vinnulaun, umboðslaun, afgreiðsluþóknun, greiðslur fyrir tækniþjónustu o. fl.

*Gjafafé* er framlag frá þeirri stofnun Bandaríkjastjórnar, sem veitir öðrum ríkjum fjárhagslega aðstoð. Slika aðstoð hafa Íslendingar ekki fengið síðan 1955.

*Fjármagnshreyfingar.* Lántökur einkaaðila árin 1953—1957 eru einkum vegna skipa- og flugvélakaupa. Sömuleiðis eru afborganir af lánum einkaaðila að mestu leyti vegna slíkra lána. Erlendar lántökur, bæði einkaaðila og opinberra aðila, eru hér taldar með þeirri fjárhæð, sem notuð hefur verið á viðkomandi ári. Er oft mikill munur á því á hverju einstöku ári, hvað samið hefur verið um af erlendum lánum, og hinu, hve mikið hefur verið notað. Frekari upplýsingar um erlendar lántökur 1957 er að finna í 2. hefti Fjármálatíðinda 1958, 73. bls.

Liðurinn innstæður erlendra aðila er innstæða, sem Bandaríkjamenn hafa eignazt hér samkvæmt samningi við þá um kaup á landbúnaðarvörum.

Aðrir liðir á greiðslujafnaðaryfirlitinu ættu ekki að þurfa sérstakra skýringa við.

# Framleiðsla og fjárfesting 1957

**Inngangur — Heildarframleiðsla — Heildarfjárfesting — Framleiðsla landbúnaðarafurða — Fjárfesting í landbúnaði — Útgerð og sjávarvöruiðnaður — Aukning skipastólsins — Iðnaðarframleiðsla — Raforkumál — Opinberar framkvæmdir — Húsbyggingar — Þróun íbúðabygginga.**

*Inngangur.*

Jafnvægisleysi í fjármálum þjóðarinnar olli vaxandi efnahagsörðugleikum á árinu 1957. Yfirleitt máttu ytri aðstæður þjóðarbúsins teljast góðar, ef frá eru talin tregari aflabrögð, sem áttu þátt í rýrari afkomu útvegsins. Framleiðsluaukningin á árinu varð mjög lítil eða minni en árlegri fólksfjölgun nemur, og eru það mikil umskipti frá hinni öru framleiðsluaukningu þjóðarbúsins árin 1953—1955.

Í eftirfarandi yfirliti verður gerð grein fyrir einstökum þáttum framleiðslu og fjárfestingar, og verður þá fyrst rætt nokkuð um heildarframleiðslu og heildarfjárfestingu árið 1957.

*Heildarframleiðsla.*

Á árinu 1957 fór framleiðsla landsmanna vaxandi í landbúnaði, einkum framleiðsla mjólkurafurða, en dróst nokkuð saman í sjávarútvegi. Heildaraflinn minnkaði um 1,7% frá árinu áður, enda þótt fleiri skip væru að veiðum og úthaldsdagar þeirra fleiri en árið áður. Hlutfallslega dró mest úr þorskafla á árinu eða um rúm 14%. Síldaraflinn jókst hins vegar nokkuð, en nýttist verr. Alls nam heildarframleiðslan 4.713 millj. kr. árið 1957 samkvæmt þjóðhagsreikningum Framkvæmdabankans. Ef bera á saman heildarframleiðsluna um nokkurra ára bil, verður að miða hana við verðlag ákveðins árs. Hér á eftir fara tölur úr þjóðhagsreikningum Framkvæmdabankans, þar sem heildarframleiðsla og framleiðsla landbúnaðar- og sjávarafurða er borin saman árin 1953—1957. Miðað er við vísitölu neyzluvöruverðlags, sem er vísitala framfærslukostnaðar að húsnæðisliðnum frátöldum, og verðlag ársins 1954. Til hægðarauka er framleiðslan það ár reiknuð hundrað einingar, þannig að fram koma vísitölur, sem eru mælikvarði á framleiðslumagnið hvert ár fyrir sig.

| | *1953* | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarframleiðsla .... | 90,2 | 100,0 | 111,1 | 117,1 | 118,9 |
| Aukning f. f. ári . | 18,7% | 10,9% | 11,1% | 5,4% | 1,5% |
| Framleiðsla landbúnaðarafurða .... | 95,1 | 100,0 | 103,0 | 107,3 | 115,9 |
| Aukning f. f. ári . | 14,3% | 5,2% | 3,0% | 4,2% | 8,0% |
| Framleiðsla sjávarafurða | 95,1 | 100,0 | 118,1 | 118,9 | 110,0 |
| Aukning f. f. ári . | 7,8% | 5,2% | 18,1% | 0,7% | ÷7,5% |

Skylt er að geta þess, að tölur þessar eru ekki nákvæmar vegna skorts á áreiðanlegum upplýsingum, einkum á það við um töluna fyrir árið 1957, og einnig vegna þess, að vísitala sú, sem miðað er við, er ekki

réttur mælikvarði á heildarverðlagið i landinu. Þrátt fyrir það má þó draga veigamikla ályktun af þeim um heildarþróunina á undanförnum árum, sem sé þá, að framleiðsluaukníngin í þjóðarbúinu er mikil á árunum 1953—1955, en minnkar verulega á árinu 1956 og verður sáralítil árið 1957. Orsaka þessarar stöðnunar á aukningu framleiðslunnar er sjálfsagt víða að leita, en aflatregða og minni varnarliðsframkvæmdir eiga þar ríkan þátt ásamt vaxandi jafnvægisleysi í fjármálum þjóðarinnar.

*Heildarfjárfesting.*

Hér fara á eftir tölur um heildarfjárfestingu í þjóðarbúskapnum undanfarin 4 ár og skiptingu hennar samkvæmt þjóðhagsreikningum Framkvæmdabankans:

| | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|
| Landbúnaður .... | 175,9 | 194,1 | 229,1 | 243,0 |
| Sjávarútvegur ... | 55,5 | 92,9 | 140,7 | 157,1 |
| Iðnaður og námugröftur ........ | 56,0 | 50,0 | 60,1 | 111,5 |
| Flutningar ...... | 81,7 | 162,2 | 94,4 | 106,7 |
| Verzlun og veitingar ...... | 26,9 | 32,8 | 32,7 | 39,4 |
| Íbúðarhús ....... | 293,5 | 383,1 | 556,2 | 563,7 |
| Raforka ......... | 51,8 | 51,0 | 89,7 | 135,6 |
| Samgöngur ...... | 84,9 | 91,0 | 138,9 | 149,5 |
| Opinber þjónusta | 51,0 | 48,5 | 83,2 | 108,9 |
| Samtals | 877,2 | 1.105,6 | 1.425,0 | 1.615,4 |

Samkvæmt þessu hefur heildarfjárfesting í peningum aukizt um 13% árið 1957 miðað við árið áður. Sé hins vegar tekið tillit til hækkunar byggingarvísitölunnar, hefur hún raunverulega aðeins aukizt um 4%. Eins og sjá má af tölunum, var aðeins meira fé varið til íbúðarhúsabygginga en árið áður, en miðað við hækkun byggingarvísitölu urðu þær hins vegar um 7% minni en árið áður. Aukning fjárfestingarinnar varð aðallega vegna aukinna framkvæmda við Sementsverksmiðjuna og raforkuframkvæmdir, þar á meðal virkjun Efra-Sogs, en ennfremur var um helmingi meira fé varið til skólabygginga en árið áður.

Eftirfarandi tölur sýna heildarframleiðslu og heildarfjárfestingu þjóðarbúsins 1953—1957 í millj. kr.:

| | *1953* | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarframleiðsla á markaðsverði | 2.904 | 3.259 | 3.808 | 4.456 | 4.713 |
| Heildarfjárfesting | 750 | 877 | 1.106 | 1.425 | 1.615 |
| ÷ efnahagsaðstoð og erlend lán . | 104 | 24 | 142 | 162 | 166 |
| Innl. sparnaður | 646 | 853 | 964 | 1.263 | 1.449 |
| Innl. sparnaður í hlutfalli við heildarframl. | 22,2% | 26,2% | 25,3% | 28,3% | 30,7% |
| Heildarfjárfesting á verðlagi ársins 1954 miðað við byggingarvísitölu ..... | 782 | 877 | 1.021 | 1.159 | 1.203 |
| Aukning f. f. ári | 30,2% | 12,1% | 16,4% | 13,5% | 3,8% |

Undirstaða fjárfestingarinnar er annars vegar innlendur sparnaður, en hins vegar fjármagn, sem komið hefur inn í landið erlendis frá sem efnahagsaðstoð eða erlend lán, það er að segja mismunurinn á því fjármagni, sem kemur inn í landið, og því, sem fer út úr því, en hann kemur fram sem greiðsluhalli á greiðslujafnaðaryfirliti (sbr. grein í þessu hefti um greiðslujöfnuðinn 1957). Árið 1953 var þessi liður jafnaður með gjafafé og að hálfu leyti árið 1954, en eftir það táknar hann árlega skuldasöfnun erlendis eða því sem næst. Samkvæmt hlutfallstölunum hefur vaxandi hluti heildarframleiðslunnar farið til fjárfestingar á undanförnum árum. Þessi aukning stafar þó að nokkru leyti af því, að verðlag innan lands hefur stöðugt farið hækkandi, en skráðu gengi erlends gjaldeyris verið haldið óbreyttu. Neðst á töflunni má sjá heildarfjárfestingu síðustu 5 ára á verðlagi ársins 1954 miðað við byggingarvísitölu. Tölurnar sýna ótvírætt, að fjárfestingin hefur aukizt hröðum skrefum undanfarin ár, en mjög dregur þó úr þeirri aukningu árið 1957.

*Framleiðsla landbúnaðarafurða.*

Árið 1957 var veðurgott ár í heild, en þó allmisjafnlega eftir landshlutum. Vorið var mjög gott sunnan lands, maí og júní hlýrri

*1. tafla. Sauðfjárslátrun og framleiðsla sauðfjárafurða 1953—1957.*

| | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 | Aukning frá 1956 til 1957 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi sauðfjár: | | | | | | |
| Dilkar í sláturhús | 223.471 | 305.455 | 451.147 | 465.177 | 512.200 | 10,3% |
| Fullorðið fé í sláturhús | 8.077 | 15.631 | 31.325 | 33.878 | 25.881 | ÷ 23,6% |
| Samtals | 231.548 | 321.086 | 482.472 | 499.055 | 538.081 | 7,8% |
| Heimaslátrun: | | | | | | |
| Dilkar | 36.766 | 47.629 | 61.943 | 50.000 | 46.266 | ÷ 7,5% |
| Fullorðið fé | 18.686 | 26.077 | 52.817 | 53.930 | 40.000 | ÷ 25,8% |
| Heildartala sláturfjár | 287.000 | 394.792 | 597.232 | 602.985 | 624.347 | 3,5% |
| Kjötframleiðsla: | | | | | | |
| Dilkakjöt í sláturhús ........ tonn | 3.331 | 4.311 | 6.388 | 6.910 | 7.706 | 11,5% |
| Kjöt af fullorðnu í sláturhús .. tonn | 183 | 334 | 662 | 748 | 591 | ÷ 21,0% |
| Samtals tonn | 3.514 | 4.645 | 7.050 | 7.658 | 8.297 | 8,3% |
| Heimaslátrun: | | | | | | |
| Dilkar ........ tonn | 548 | 673 | 880 | 743 | 696 | ÷ 6,3% |
| Fullorðið fé ........ tonn | 420 | 561 | 1.136 | 1.213 | 1.000 | ÷ 17,6% |
| Heildarslátrun sauðfjár tonn | 4.482 | 5.879 | 9.066 | 9.614 | 9.993 | 3,9% |
| Meðalþungi dilka (haustslátrun) .. kg | 14,93 | 14,13 | 14,19 | 14,85 | 15,04 | 1,3% |
| Gæruframleiðsla ........ 1000 stk. | 296 | 402 | 597 | 603 | 624 | 3,5% |
| Ullarframleiðsla ........ tonn | 414 | 497 | 618 | 630 | 700 | 11,1% |

en í meðallagi, en veður yfirleitt stillt. Norðan lands var veðrátta rysjóttari, og síðast í maí og fyrst í júní voru þar veður köld. Allan júlímánuð og fyrra hluta ágústmánaðar var öndvegis veðrátta um mestan hluta landsins. Eftir miðjan ágúst hélzt veðrátta hagstæð sunnan lands, en nyrðra tók að mestu fyrir þurrka. Heyskaparlok urðu ákjósanleg sunnan lands og vestan, en erfið víða norðan lands og austan. Hausttíð var fremur góð, einkum sunnan lands.

Hér á eftir verður skýrt frá framleiðslu helztu landbúnaðarafurða á árinu 1957 og því næst rætt um fjárfestingu í landbúnaðinum.

*Sauðfjárafurðir.* Á árinu 1957 var slátrað 512.200 dilkum í sláturhúsum eða um 10% fleiri en árið áður, eins og sjá má á 1. töflu, sem gefur yfirlit yfir framleiðslu allra sauðfjárafurða síðustu fimm árin. Hins vegar var slátrað færra fullorðnu fé í sláturhúsum en árið áður. Síðan 1953, er slátrun var einna minnst, hefur sláturfénu, er til sláturhúsa var rekið, fjölgað um 306.523 eða nærri því um 133%, en kjötmagnið hefur aukizt um 4.782,6 tonn. Meðalfallþungi dilka á öllu landinu reyndist vera 15,04 kg, sem er mesti þungi, síðan farið var að safna þessum skýrslum árið 1934. Við tölurnar um kjötframleiðslu þarf að bæta heimaslátrun, en kjöt af heimaslátruðu er talið hafa numið 1.700 tonnum. Alls hafa þá um 10.000 tonn af kindakjöti fallið til á árinu. Þar að auki er slátur, sem reikna má sem kjöt (hausar, lifur, hjörtu og nýru), um 2 kg af hverri slátraðri kind eða alls um 1.250 tonn. Kindakjöt og slátur, sem reikna má sem kjöt, hefur þannig orðið um 11.250 tonn. Í sambandi við 1. töflu má geta þess, að skipting heimaslátraðs fjár í dilka og fullorðið fé er ónákvæm og að heimaslátraðir dilkar eru reiknaðir jafn þungir að meðaltali og dilkar, sem slátrað var í sláturhúsum, en það er líklega fullríflega áætlað.

*Mjólkurafurðir.* Innvegin mjólk í mjólkurbú var 66.387 tonn á árinu 1957 eða 12%

meiri en árið áður. (VIII. tafla aftast í heftinu sýnir framleiðslu mjólkurvara.) Hlutfallsleg aukning mjólkurframleiðslunnar var svipuð um allt land, þó mun hún hafa verið einna mest í Þingeyjarsýslum, þar sem hún var 17,8%. Á framleiðslu mjólkurafurða varð sú breyting helzt á árinu, að smjörframleiðsla og framleiðsla á mjólkurostum jókst verulega frá árinu á undan, og var til þeirrar framleiðsluaukningar varið þeirri mjólk, er telja má umfram neyzluþörf þjóðarinnar sjálfrar á árinu. Þessi framleiðsluaukning kom síðan fram sem aukning birgða eða var seld úr landi. Auk þeirrar mjólkur, er innvegin var til mjólkurbúanna á árinu, hafa verið seld utan búanna og tekin til heimaneyzlu rúmlega 30 millj. kg mjólkur. Öll mjólkurframleiðslan á árinu hefur þannig verið um 96,5 millj. kg.

*Garðrækt og kornrækt.* Garðrækt gekk betur á árinu en þrjú undanfarin ár. Kartöfluuppskeran er áætluð rúmlega 100 þús. tunnur eða svipuð og hún varð árið 1954.

Uppskera gulrófna er áætluð 10.000 tunnur.

Uppskera af tómötum nam 250 tonnum, sem er um 16% meira en árið áður, og af gúrkum 90 tonnum (84 tonnum árið áður).

Uppskera blómkáls var nokkru meiri en árið áður eða 44 þús. hausar (38 þús. hausar árið áður), en uppskera hvítkáls nokkru minni eða 100 tonn (112 tonn árið áður).

Gulrótauppskeran var um 9% meiri en árið áður eða 70 tonn. Loks var framleiðsla salats um 100 þús. hausar, sem er um 72% meira en árið áður.

Á Sámsstöðum nam uppskeran 110 tunnum af byggi, 80 tunnum af höfrum og 800 kg af grasfræi. Uppskeran var mun meiri en undanfarin ár, bæði vegna betri sprettu og þess, að meira land var lagt undir kornrækt en áður.

*Aðrar landbúnaðarafurðir.* Upplýsingar um framleiðslu annarra landbúnaðarafurða eru ekki nákvæmar, en samkvæmt áætlun nam framleiðsla ársins 1957 af nautakjöti um 1.660 tonnum, af hrossakjöti um 1.800 tonnum og af svína-, geita- og alifuglakjöti um 500 tonnum.

Eggjaframleiðslan árið 1957 er áætluð 1.200 tonn, og talið er, að alifuglum hafi fjölgað allmikið á árinu og tala þeirra í árslok 1957 hafi numið 140—150 þúsundum, þar af voru um 100 gæsir, nokkur hundruð andir og afgangurinn hænsni.




*Sauðfjárstofninn í árslok og kjötframleiðsla í tonnum 1945—1957.*

*2. tafla. Ræktunarframkvæmdir 1953—1957.*

| | Jarðvinnsla | | | Skurðgröftur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Ár* | *Nýrækt* | *Túnasléttur ha* | *Matjurtagarðar ha* | *Lengd í kílómetrum* | *Rúmmál í þús. m³* | *Kostnaður í þús. kr.* |
| 1953 | 2.918 | 442 | 138 | 720,9 | 3.037,7 | 9.426,6 |
| 1954 | 2.545 | 1.050 | 39 | 806,6 | 3.436,8 | 11.008,3 |
| 1955 | 2.422 | 739 | 26 | 870,7 | 3.096,5 | 10.292,4 |
| 1956 | 3.386 | 83 | 20 | 947,6 | 4.179,1 | 15.221,3 |
| 1957 | 3.570 | 139 | 23 | 941,8 | 4.193,9 | 16.658,0 |

### *Fjárfesting í landbúnaði.*

Fjárfesting í landbúnaði varð heldur meiri árið 1957 en árið áður í krónutölu eða 243 millj. kr. á móti 229 millj. kr. (Byggingar íbúðarhúsa í sveitum eru ekki taldar með né heldur raforkuframkvæmdir þar.) Ef tillit er tekið til hækkunar byggingarvísitölu, reynist raunveruleg fjárfesting í landbúnaði hins vegar aðeins minni árið 1957 en árið áður. Byggingar útihúsa og vinnsluvera landbúnaðarafurða urðu allmiklu meiri en áður, hins vegar minnkaði fjárfesting í vélbúnaði um ca. 25%. Aðrir liðir fjárfestingarinnar voru svipaðir bæði árin.

*Jarðrækt.* Árferði var mjög hagstætt til vinnu við jarðabætur. Kuldakast á Norðurlandi í júníbyrjun var þó nokkuð til tafa, en þær tafir urðu þó minni en oftast eru þar. Jarðklaki var lítill, vorið og sumarið þurrviðrasamt. Stórvirkum jarðvinnsluvélum hafði heldur fjölgað frá næsta ári á undan, og bilanir og tafir við vélar voru í minna lagi sökum hagstæðrar veðráttu. Skurðgröftur var svipaður og árið áður, eins og sjá má á 2. töflu, en nýrækt nokkru meiri, en þar eru með taldar framkvæmdir á vegum Landnáms ríkisins.

Á árinu voru 49 skurðgröfur í notkun í þágu landbúnaðarins, 33 á vegum Vélasjóðs, 11 hjá ræktunarsamböndum, 4 hjá Landnámi ríkisins og 1 í einstaklingseign.

Alls samþykkti Nýbýlastjórn ríkisins stofnun 59 nýbýla á árinu og endurbyggð á 13 eyðibýlum, og er það allt samkvæmt umsóknum manna, er hyggjast reisa nýbýlin eða endurreisa eyðibýlin.

Framkvæmdir Landnáms ríkisins voru allmiklu meiri en árið áður. Þriðja tafla sýnir, hve miklu kostnaður við þær hefur numið frá upphafi.

Útgjöld ríkissjóðs vegna jarðræktarlaganna námu alls 20,7 millj. kr. á árinu 1957 vegna jarðabóta, sem mældar voru árið áður.

*Búvélaeign.* Nokkru minna var flutt inn af búvélum árið 1957 en árið áður. Talið er, að innflutningsverð (cif-verð) þeirra hafi alls numið um 21 millj. kr., en um 28 millj. kr. árið áður, þannig að innflutningurinn hafi orðið um 25% minni en þá. Fjórða tafla sýnir innflutninginn árið 1957, en

*3. tafla.*
*Kostnaður við Landnám ríkisins.*

| | *1947—1956 þús. kr.* | *1957 þús. kr.* | *Samtals þús. kr.* |
|---|---|---|---|
| Ölfus | 1.669 | 102 | 1.771 |
| Hvolsvöllur | 393 | 5 | 398 |
| Þinganes | 1.110 | 106 | 1.216 |
| Víðimýri | 1.478 | 115 | 1.593 |
| Skinnastaðir | 994 | 2 | 996 |
| Reykhólar | 881 | 106 | 987 |
| Ljósavatnshreppur | 672 | 135 | 807 |
| Auðkúla | 396 | 129 | 525 |
| Fljótsdalshérað | 1.222 | 829 | 2.051 |
| Álftaneshreppur | 756 | 593 | 1.349 |
| Kaldrananes | 140 | 121 | 261 |
| Svartárdalur | 136 | 152 | 288 |
| Samtals | 9.847 | 2.395 | 12.242 |

*4. tafla. Búvélaeign landsmanna.*

| | Í árslok 1956 | Innflutt 1957 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Vélknúin tæki: | | | |
| Beltadráttarvélar | 281 | 5 | 286 |
| Hjóladráttarvélar | 3945 | 390 | 4335 |
| Garðadráttarvélar | 138 | 14 | 152 |
| Skurðgröfur | 50 | — | 50 |
| Verkfæri við dráttarvélar: | | | |
| Plógar | 1176 | 35 | 1211 |
| Herfi | 712 | 32 | 744 |
| Plógherfi | 53 | 5 | 58 |
| Sláttuvélar | 3722 | 389 | 4111 |
| Jeppasláttuvélar | 140 | — | 140 |
| Vagnsláttuvélar | 20 | — | 20 |
| Snúningsvélar | 860 | 12 | 872 |
| Rakstrarvélar | 93 | 22 | 115. |
| Múgavélar | 992 | 532 | 1524 |
| Heyhleðsluvélar | 154 | 16 | 170 |
| Mykjudreifarar | 348 | 6 | 354 |
| Áburðardreifarar | 523 | 202 | 725 |
| Kartöflusetjarar | 40 | — | 40 |
| Kartöfluupptökuvélar | 77 | — | 77 |
| Jarðvegstætarar | 57 | 55 | 112 |
| Ávinnsluherfi | 249 | — | 249 |
| Ámoksturstæki | 231 | 175 | 406 |
| Heygreipar | — | 50 | 50 |
| Hestaverkfæri: | | | |
| Plógar | 1146 | — | 1146 |
| Herfi | 1488 | — | 1488 |
| Áburðardreifarar | 1296 | 11 | 1307 |
| Rakstrarvélar | 3877 | 39 | 3916 |
| Snúningsvélar | 1819 | — | 1819 |
| Múgavélar | 496 | — | 496 |
| Önnur tæki: | | | |
| Kartöfluflokkunarvélar | 125 | — | 125 |
| Úðarar | 717 | — | 717 |
| Duftdreifarar | 552 | — | 552 |
| Mjaltavélar | 872 | 36 | 908 |
| Saxblásarar | 68 | 9 | 77 |
| Heyblásarar | 89 | 72 | 161 |

*5. tafla. Bústofn samkvæmt búnaðarskýrslum í árslok 1953—1957.*

| | Sauðfé | Nautgripir | Hross |
|---|---|---|---|
| 1953 | 544.378 | 45.384 | 38.072 |
| 1954 | 635.080 | 47.328 | 37.186 |
| 1955 | 657.294 | 45.499 | 35.172 |
| 1956 | 706.291 | 47.509 | 33.928 |
| 1957 | (766.000) | (49.300) | (33.300) |

*Ath. Svigatölur eru að nokkru áætlaðar.*

tölurnar um heildarbúvélaeign bænda eru ekki nákvæmar, þar sem engin könnun hefur verið á henni gerð síðan árið 1947. Innflutningi búvéla hefur síðan verið bætt við búvélaeignina 1947, en aðeins verið hægt að áætla lauslega, hve mikið hefur verið tekið úr notkun árlega af hinum ýmsu vélum. Árið 1957 voru fluttir inn 200 rússneskir jeppar til landbúnaðarstarfa, en 269 árið áður.

*Bústofn.* Tala búfjár er sýnd á 5. töflu. Þar sést, að sauðfénu hefur fjölgað um 60 þúsund á árinu 1957, sem er svipuð aukning og árið áður. Nautgripum fjölgaði um 1.800, þar af fjölgaði kúm um 1 þúsund, og voru þær taldar vera um 35 þúsund í árslok. Hrossum hélt áfram að fækka á árinu.

*Byggingar.* Íbúðarhúsabyggingar í sveitum urðu svipaðar og árið áður, en um þær er rætt í kaflanum um húsbyggingar síðar í greininni. Áætlað er, að varið hafi verið 101,6 millj. kr. til byggingar útihúsa í sveitum á árinu eða allmiklu meira fé en árið áður. Lokið var við fjós yfir 2.203 kýr, fjárhús fyrir 38,3 þús. fjár, hlöður að rúmmáli 140 þús. teningsmetrar, áburðargeymslur 12 þús. teningsmetrar og önnur útihús 24 þús. teningsmetrar.

*Útgerð og sjávarvöruiðnaður.*

Heildaraflinn á árinu 1957 var 1,7% minni en árið áður eða 436.327 tonn á móti 443.695 tonnum árið 1956. Aflarýrnunin varð einkum á vetrarvertíðinni, enda þótt fleiri bátar væru þá gerðir út en árið 1956. Aflabresturinn á vertíðinni kom þó misjafnt niður. Afli netjabáta (þar með taldir línu- og netjabátar), sem reyndist tæplega 50% af vertíðarafla bátaflotans, var yfirleitt sæmilegur og í mörgum tilfellum ágætur, en afli þeirra báta, sem stunduðu eingöngu veiðar með línu, var langt fyrir neðan meðallag undanfarinna ára. Þrátt fyrir aflabrestinn á vetrarvertíðinni jókst heildarafli bátanna yfir árið um 4,1% vegna aukins síldarafla. Togaraaflinn varð hins vegar um 10,5% minni en árið áður.

Fiskveiðiflotinn var töluvert stærri og

hluti hvers skips í aflanum því minni. Skortur var á sjómönnum og landvinnufólki, og átti það þátt í erfiðri afkomu útvegsins.

*Þátttaka í útgerð.* Á 6. töflu sést fjöldi skipa og sjómanna, er þátt tóku í veiðum í mánuði hverjum árið 1957. Meðalskipafjöldi við veiðar hvern mánuð var 511, sem er allmikil aukning frá árinu áður, en þá var meðalskipafjöldinn 445. Á 7. töflu, sem sýnir skiptingu fiskiskipa eftir veiðiaðferðum, má sjá, að munurinn stafar fyrst og fremst af aukinni þátttöku í þorskveiðum með lóð og netum. Þátttaka varð einnig allmiklu meiri í sumarsíldveiðum fyrir Norðurland, og vertíðin hófst fyrr árið 1957 en árið áður. Fjöldi skipa við botnvörpuveiðar

*6. tafla. Tala fiskiskipa og fiskimanna í hverjum mánuði 1957 og 1956.*

| | Tala skipa 1957 | | | | | | 1956 samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Togarar* | *Mótorb. yfir 12 tonn* | *Mótorb. undir 12 tonn* | *Opnir vélbátar* | *Samtals* | *Tala skipverja 1957 samtals* | *Tala skipa* | *Tala skipverja* |
| Janúar ..... | 38 | 242 | 17 | 11 | 308 | 3.932 | 213 | 3.080 |
| Febrúar ..... | 39 | 342 | 25 | 20 | 426 | 4.973 | 412 | 5.002 |
| Marz ....... | 41 | 406 | 37 | 85 | 569 | 5.750 | 497 | 5.459 |
| Apríl ....... | 41 | 412 | 45 | 164 | 662 | 5.871 | 633 | 5.765 |
| Maí ........ | 41 | 300 | 52 | 229 | 622 | 4.916 | 653 | 5.220 |
| Júní ........ | 41 | 283 | 60 | 271 | 655 | 4.535 | 464 | 2.888 |
| Júlí ........ | 37 | 363 | 54 | 235 | 689 | 5.161 | 545 | 4.106 |
| Ágúst ....... | 41 | 360 | 52 | 194 | 647 | 5.047 | 576 | 4.412 |
| September .. | 41 | 275 | 53 | 149 | 518 | 3.794 | 451 | 3.408 |
| Október ..... | 42 | 208 | 32 | 94 | 376 | 3.298 | 353 | 3.125 |
| Nóvember ... | 41 | 224 | 32 | 70 | 367 | 3.406 | 305 | 3.025 |
| Desember ... | 40 | 187 | 27 | 42 | 296 | 2.985 | 234 | 2.542 |

*7. tafla. Veiðiaðferðir, stundaðar af fiskiskipum á öllu landinu í hverjum mánuði 1957 og 1956.*

| | *Botnvörpuveiði í salt* | *Botnvörpuveiði í ís* | *Þorskveiðar með lóð og netum* | *Dragnótaveiði* | *Síldveiðar m/ herpinót* | *Síldveiðar m/ reknetum* | *Ýmsar veiðar* | *Samtals 1957* | *Samtals 1956* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* | *Tala skipa* |
| Janúar ...... | 2 | 36 | 267 | – | – | – | 3 | 308 | 213 |
| Febrúar ...... | 6 | 33 | 377 | – | – | – | 10 | 426 | 412 |
| Marz ........ | 13 | 34 | 502 | – | – | – | 20 | 569 | 497 |
| Apríl ........ | 15 | 32 | 591 | – | – | 5 | 19 | 662 | 633 |
| Maí ......... | 13 | 35 | 556 | 4 | – | 13 | 1 | 622 | 653 |
| Júní ........ | 17 | 29 | 400 | 3 | 164 | 9 | 33 | 655 | 464 |
| Júlí ........ | 10 | 23 | 353 | 5 | 234 | 28 | 36 | 689 | 545 |
| Ágúst ........ | 6 | 31 | 304 | 6 | 196 | 86 | 18 | 647 | 576 |
| September ... | 4 | 39 | 264 | 9 | – | 191 | 11 | 518 | 451 |
| Október ...... | 3 | 42 | 228 | 5 | – | 98 | – | 376 | 353 |
| Nóvember .... | 2 | 39 | 230 | 2 | 8 | 84 | 2 | 367 | 305 |
| Desember .... | 2 | 38 | 167 | – | 7 | 75 | 7 | 296 | 234 |

í ís varð aðeins meiri en árið áður, en hins vegar nokkru minni við botnvörpuveiðar í salt og dragnótaveiðar. Þátttaka í síldveiðum með reknetum varð svipuð bæði árin. Liðurinn ýmsar veiðar nær yfir loðnuveiði og rækju- og humarveiðar. Nokkur aukning varð á þessum veiðum árið 1957.

*Aflabrögð.* Eins og áður segir, má rekja lækkun heildaraflans til minni þorskafla, en hann minnkaði um 14,1% frá árinu áður, og var þorskurinn nú aðeins 46% af heildaraflanum á móti 53% árið áður. Ufsa- og lönguafli minnkaði einnig. Afli allra annarra fisktegunda jókst nokkuð og sumra mjög mikið, t. d. var kolaaflinn nær þrefalt meiri en árið áður og af öðrum flatfiski nær tvöfalt meiri. Mest munaði þó um aukningu síldaraflans, sem jókst um 17%, en síldaraflinn varð 27% af heildaraflanum 1957. Skiptingu aflans á fisktegundir má sjá á VI. töflu að aftan. Á 8. töflu má sjá skiptingu aflans eftir verkunaraðferðum síðastliðin fimm ár. Aðalbreytingin frá 1956—1957 var sú, að miklu minna af síldaraflanum var saltað, svo að bræðslusíldin rúmlega tvöfaldaðist.

*Verkun aflans á þorskveiðum.* Til frystingar fór 9,4% meira af fiski en árið áður eða 56,4% af heildaraflanum á móti 47,9% árið 1956. Allmiklu minna fiskmagn var saltað og hert árið 1956 en árið áður, og árið 1957 var enn mun minna verkað á þennan hátt en árið 1956.

*Ísfiskur.* Framleiðsla á ísuðum fiski til útflutnings var aðeins minni en árið áður, enda þótt söluferðir togara yrðu heldur fleiri en áður eða 99, eins og sést á 9. töflu, þar af 42 til Bretlands. Auk þess lönduðu tveir bátar ísfiski í Bretlandi á árinu.

*Freðfisksframleiðslan.* Framleiðsla freðfisks varð meiri en á nokkru öðru ári eða 55.649 lestir, 11,5% meiri en árið áður, eins og sjá má á 10. töflu, er sýnir sundurliðaða freðfisksframleiðslu 5 undanfarinna

### 8. *tafla. Hagnýting fiskaflans 1953—1957.*

| | *1953* | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *tonn* | *tonn* | *tonn* | *tonn* | *tonn* |
| Ísfiskur | 8.216 | 11.765 | 11.323 | 18.283 | 17.314 |
| Fiskur til frystingar | 105.905 | 179.450 | 170.254 | 164.368 | 179.855 |
| Fiskur í herzlu | 78.995 | 53.293 | 59.969 | 47.635 | 34.477 |
| Fiskur og síld í niðursuðu | 307 | 288 | 323 | 164 | 133 |
| Fiskur til söltunar | 95.149 | 86.164 | 106.734 | 100.781 | 77.667 |
| Síld til söltunar | 31.182 | 18.372 | 36.507 | 51.358 | 27.156 |
| Síld til frystingar | 11.243 | 7.406 | 10.997 | 12.909 | 12.024 |
| Síld í verksmiðjur | 27.093 | 21.815 | 4.933 | 36.198 | 78.315 |
| Annar fiskur í verksmiðjur | 1.435 | 6.048 | 5.419 | 8.486 | 5.958 |
| Annað | 3.145 | 2.927 | 2.493 | 3.514 | 3.428 |
| Samtals | 362.670 | 387.528 | 408.952 | 443.695 | 436.327 |

### 9. *tafla. Ísfisksframleiðsla 1953—1957.*

| | *Fjöldi söluferða* | | | *Aflamagn í tonnum* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *togarar* | *bátar* | *samtals* | *togarafiskur* | *bátafiskur* | *samtals* |
| 1953 | 38 | — | 38 | 8.216 | — | 8.216 |
| 1954 | 53 | — | 53 | 11.679 | — | 11.679 |
| 1955 | 47 | 2 | 49 | 11.240 | 182 | 11.422 |
| 1956 | 96 | 2 | 98 | 18.209 | 74 | 18.283 |
| 1957 | 99 | 2 | 101 | 17.223 | 41 | 17.314 |

10. *tafla. Freðfisksframleiðsla 1953—1957.*

| | 1953 tonn | 1954 tonn | 1955 tonn | 1956 tonn | 1957 tonn |
|---|---|---|---|---|---|
| Þorskflök | 16.877 | 32.473 | 27.915 | 28.692 | 30.408 |
| Ýsuflök | 1.798 | 3.225 | 3.240 | 3.080 | 4.074 |
| Ufsaflök | 101 | 410 | 754 | 872 | 1.609 |
| Lönguflök | 29 | 60 | 21 | 68 | 150 |
| Steinbítsflök | 1.796 | 931 | 764 | 959 | 1.681 |
| Karfaflök | 9.291 | 14.749 | 20.096 | 13.960 | 15.677 |
| Flatfiskur, flök og heilfrystur | 199 | 350 | 293 | 868 | 1.951 |
| Skata | 1 | — | 2 | 28 | 47 |
| Háfur | — | — | — | — | 52 |
| Samtals | 30.092 | 52.198 | 53.085 | 48.527 | 55.649 |

ára. Framleiðslan árið 1957 hefur einkum aukizt á ýsu-, ufsa- og steinbítsflökum og ennfremur á flökuðum og heilfrystum flatfiski.

*Saltfisksverkun.* Framleiðsla saltfisks var mun minni en árið áður, en um 23% minna magn fór til söltunar en árið áður. Á 11. töflu má sjá framleiðslu bæði á verkuðum og óverkuðum saltfiski síðastliðin fimm ár. Á töflunni er öll framleiðslan einnig sýnd umreiknuð í óverkaðan fisk, og gefur það nokkra hugmynd um þróunina frá ári til árs, enda þótt slíkur umreikningur geti aldrei orðið mjög nákvæmur.

*Harðfiskur.* Harðfisksframleiðslan fór enn mjög minnkandi á árinu 1957, eins og sjá má á 12. töflu. Um 28% minna magn fór til herzlu en árið áður.

*Mjöl og lýsi.* Framleiðsla karfamjöls og karfalýsis var svipuð og árið áður. Framleiðsla fiskimjöls og ufsamjöls var nokkru minni en árið áður og framleiðsla ufsalýsis lítil sem engin, þar sem lýsinu mun hafa verið blandað saman við aðrar lýsistegundir. Framleiðsla fiskimjöls, karfamjöls og ufsamjöls er sýnd á 13. töflu, en karfa- og ufsalýsis á 14. töflu.

*Þorskalýsisframleiðslan* varð nokkru




*Hlutfallsleg skipting aflans eftir verkun á öðrum veiðum en síldveiðum.*

*11. tafla.*
*Saltfisksframleiðsla 1953—1957.*

| | Fullverkaður fiskur tonn | Óverkaður fiskur tonn | Heildarframleiðsla, umreiknuð í óverkaðan fisk tonn |
|---|---|---|---|
| 1953 | 9.537 | 26.306 | 47.403 |
| 1954 | 6.713 | 25.383 | 38.556 |
| 1955 | 7.953 | 34.180 | 48.700 |
| 1956 | 7.980 | 31.130 | 44.960 |
| 1957 | 5.002 | 26.027 | 34.950 |

*12. tafla.*
*Harðfisksframleiðsla 1953—1957.*

| | Móttekinn fiskur tonn | Áætluð framleiðsla tonn |
|---|---|---|
| 1953 | 78.995 | 13.420 |
| 1954 | 53.293 | 9.060 |
| 1955 | 59.969 | 10.500 |
| 1956 | 47.635 | 8.300 |
| 1957 | 34.477 | 6.033 |

*13. tafla. Framleiðsla fiskimjöls, karfamjöls og ufsamjöls 1953—1957.*

| | Fiskimjöl tonn | Karfamjöl tonn | Ufsamjöl tonn | Samt. tonn |
|---|---|---|---|---|
| 1953 | 15.153 | 5.356 | 52 | 20.561 |
| 1954 | 22.235 | 8.978 | 272 | 31.485 |
| 1955 | 20.347 | 12.643 | 74 | 33.064 |
| 1956 | 21.591 | 10.431 | 381 | 32.403 |
| 1957 | 19.833 | 10.154 | 299 | 30.286 |

*14. tafla.*
*Framleiðsla karfa- og ufsalýsis 1953—1957.*

| | Karfalýsi tonn | Ufsalýsi tonn | Samt. tonn |
|---|---|---|---|
| 1953 | 1.871 | 9 | 1.880 |
| 1954 | 2.752 | 76 | 2.828 |
| 1955 | 4.015 | 6 | 4.021 |
| 1956 | 2.833 | 93 | 3.197 |
| 1957 | 2.893 | 5 | 2.898 |

minni en árið áður, eins og 15. tafla sýnir. Taflan sýnir ennfremur framleiðslu kaldhreinsunarstöðva undanfarin fimm ár. Framleiðsla kaldhreinsaðs meðalalýsis varð nokkru meiri árið 1957 en árið áður, eins og sjá má á töflunni.

*Síldveiðar.* Vorið 1957 var í fyrsta skipti gert út til síldveiða í reknet sunnan lands í nokkrum mæli á þeim árstíma. Veiðin gekk allvel, og bárust á land röskar 3.100 lestir, og var 2.461 lest fryst til útflutnings, en afgangurinn fór í bræðslu. Veiðitímabilið var frá aprillokum og fram í byrjun júní.

Þátttaka í sumarsíldveiðunum fyrir Norðurlandi var mun meiri en nokkru sinni áður. Alls tóku 234 skip þátt í veiðunum, þar af veiddu 215 með hringnót, 15 bátar með herpinót og 4 togarar einnig með herpinót. Fyrstu íslenzku skipin komust í síld um 20. júní. Enda þótt allt kapp væri lagt á söltun, var árangurinn ekki í samræmi við erfiðið, enda var síldin lengst af mjög blönduð millisíld og horaðri en venjulegt er um Norðurlandssíld. Verksmiðjurnar fengu mun meira magn til vinnslu að þessu sinni en um margra ára bil, en sökum þess, hve síldin var horuð, varð nýting ekki góð og lýsismagnið tiltölulega lítið. Um 20. júlí hófst síldveiði með reknetum fyrir Norðurlandi, og munu um 70 bátar hafa tekið þátt í þessum veiðum, þegar flest var. Veiðarnar stóðu fram í september.

Haustsíldveiðar í reknet sunnan lands og vestan hófust skömmu eftir mánaðamótin júlí/ágúst. Aflinn var sæmilegur fyrst í stað, en tregaðist skjótt, og má segja, að um ördeyðu hafi verið að ræða í september, október og fram í miðjan nóvember, að afli tók að glæðast á ný. Vertíðin stóð fram undir jól.

Á 16. töflu eru tölur, er sýna þátttöku í sumarsíldveiðum og afla síðustu fimm árin, en verkun síldaraflans á sama tíma er sýnd á 17. töflu.

*Hvalveiðar.* Hvalveiðarnar frá Hvalfirði voru stundaðar á 4 bátum eins og undanfarin ár, og gengu þær mjög vel. Alls veiddust 517 hvalir á móti 440 árið áður. Á 18.

## 15. tafla. Þorskalýsisframleiðsla 1953—1957.

| | | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lýsisframleiðsla | tonn | 11.378 | 10.404 | 10.778 | 11.016 | 9.321 |
| Framleiðsla kaldhreinsunarstöðva: | | | | | | |
| Kaldhreinsað meðalalýsi | tonn | 1.393 | 1.766 | 1.925 | 1.126 | 1.672 |
| Ókaldhreinsað lýsi | tonn | 9.346 | 8.258 | 9.031 | 9.460 | 6.483 |
| Annað lýsi | tonn | 30 | — | 23 | — | — |
| Tylgi og harðfeiti | tonn | 577 | 590 | 575 | 512 | 476 |

## 16. tafla. Þátttaka í sumarsíldveiðum og meðalafli 1953—1957.

| | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tala skipa | 163 | 189 | 132 | 187 | 234 |
| Heildarrúmlestatala, brúttó | 14.767 | 16.329 | 9.624 | 14.380 | 18.592 |
| Tala skipverja | 2.099 | 2.330 | 1.521 | 2.090 | 2.653 |
| Tala nóta | 176 | 189 | 132 | 187 | 234 |
| Heildarafli í málum | 281.525 | 184.904 | 205.141 | 507.232 | 682.690 |
| Meðalafli á skip í málum | 1.727 | 978 | 1.554 | 2.712 | 2.913 |

## 17. tafla. Síldarmóttaka og framleiðsla síldarafurða 1953—1957.

| | Bræðslusíld | | | Síldarsöltun | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Móttekin bræðslu-síld mál | Framleitt síldar-lýsi tonn | Framleitt síldar-mjöl tonn | Norður-lands-síld tunnur | Suður-lands-síld tunnur | Síldar-söltun samtals tunnur | Fryst síld tonn |
| 1953 | 200.698 | 4.960 | 5.453 | 174.564 | 56.410 | 230.974 | 11.268 |
| 1954 | 155.547 | 3.825 | 3.883 | 61.672 | 78.358 | 140.030 | 7.304 |
| 1955 | 32.762 | 1.774 | 2.012 | 177.474 | 88.448 | 265.922 | 10.129 |
| 1956 | 268.133 | 8.514 | 7.485 | 264.124 | 116.319 | 380.443 | 12.909 |
| 1957 | 580.111 | 11.279 | 13.579 | 150.869 | 50.282 | 201.151 | 12.024 |

töflu er yfirlit yfir aflamagn og framleiðslu hvalafurða síðustu fimm árin. Af hvalkjötinu fór 51 tonn til manneldis innan lands, en kjötið er annars að mestu leyti selt sem dýrafóður til útlanda. Hvalmjölið er hins vegar aðallega selt á innanlandsmarkaði.

*Fjárfesting í útgerð.* Auk kostnaðar við aukningu bátaflotans, sem frá verður skýrt hér á eftir, hefur um 37,7 millj. kr. verið varið á árinu 1957 til atvinnufyrirtækja, sem vinna í þágu sjávarútvegsins, þar af um 18 millj. kr. til byggingar hraðfrystihúsa, en það er um 5 millj. kr. minna en árið áður. Lokið var við að byggja fiskhús í kaupstöðum og kauptúnum að rúmmáli 44.262 þús. $m^3$ á árinu og hraðfrystihús að rúmmáli 14.681 þús. $m^3$.

### *Aukning skipastólsins.*

*Skipasmíðar.* Starfsemi skipasmíðastöðva dróst allmikið saman á árinu 1957, eins og sjá má á 19. töflu, er sýnir smíði þilfarsskipa innan lands síðustu þrjú árin. Skipin eru talin fullsmíðuð, þegar þeim hefur verið hleypt af stokkunum, eins og gert er í skipaskrá. Samdráttur skipasmíðanna innan lands verður einkum ljós af því, að í árs-

## *18. tafla.*
## *Hvalveiðar og hvalafurðir 1953—1957.*

| | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|---|
| Aflamagn: | | | | | |
| Langreyðar .... | 207 | 177 | 236 | 265 | 348 |
| Steypireyðar ... | 5 | 9 | 10 | 8 | 10 |
| Sandreyðar .... | 70 | 93 | 134 | 72 | 78 |
| Hnúfubakar .... | 2 | 1 | — | — | — |
| Búrhvalir ...... | 48 | 54 | 20 | 95 | 81 |
| Samtals | 332 | 334 | 400 | 440 | 517 |
| Framleiðsla í tonnum: | | | | | |
| Hvallýsi ....... | 1.274 | 1.294 | 2.062 | 1.950 | 2.335 |
| Búrhvalslýsi ... | 448 | 492 | 187 | 965 | 861 |
| Hvalkjöt. ...... | 1.737 | 1.438 | 1.898 | 3.020 | 3.207 |
| Rengi .......... | 103 | 128 | 126 | 72 | 110 |
| Hvalmjöl ...... | 605 | 882 | 1.063 | 1.021 | 1.505 |

## *19. tafla. Smíði skipa og báta innan lands 1955, 1956 og 1957.*

| | Tala skipa | Rúmlestir brúttó |
|---|---|---|
| Skip smíðuð 1955 .......... | 21 | 621 |
| Skip smíðuð 1956 .......... | 18 | 732 |
| Skip smíðuð 1957 .......... | 15 | 428 |
| Skip í smíðum í árslok 1958 | 8 | 611 |
| Skip í smíðum í árslok 1957 | 5 | 215 |

lok 1957 er rúmlestatala skipa í smíðum aðeins þriðjungur þess, sem var í árslok 1956, sbr. 19. töflu.

*Fiskiskipaflotinn.* Einn nýr togari bættist í togaraflotann á árinu 1957; var það togarinn Gerpir, sem er 804 rúmlestir að stærð og eign Bæjarútgerðar Neskaupstaðar. Einn togari var felldur niður af skipaskrá; var það togarinn Goðanes, sem strandaði við Færeyjar 3. janúar. Nokkur aukning varð á bátaflotanum á árinu. Af nýsmíðuðum innlendum bátum voru 15 teknir á skipaskrá, að rúmlestatölu 428 rúmlestir samtals, en fjórum þeirra var hleypt af stokkunum á árinu 1956. Auk þess voru 16 bátar smíðaðir erlendis teknir á skipaskrá, þar af 5 smíðaðir í Danmörku, 2 í Svíþjóð, 7 stálbátar í Þýzkalandi og 2 bátar í Noregi, annar úr eik, hinn úr stáli. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytinguna á bátaflotanum á árinu 1957:

| | Rúmlestatala |
|---|---|
| Smíði innan lands (teknir á skipaskrá) | 428 |
| Innfluttir bátar ...................... | 1.204 |
| Viðbót samtals ...................... | 1.632 |
| Útstrikað af skipaskrá ............... | 739 |
| Nettóaukning | 893 |

Auk fiskibátanna bættist í flotann nýr björgunarbátur, Gísli J. Johnsen, sem er 18 rúmlestir að stærð og eign Slysavarnafélags Íslands.

*Farskipastóllinn.* Aðeins eitt nýtt skip bættist í farskipaflotann á árinu; var það flutningaskipið Askja. Skipið var smíðað í Sölvesborg í Svíþjóð. Það er 500 rúmlestir að stærð og er eign Eimskipafélags Reykjavíkur. Eitt farskip, vöruflutningaskipið Brúarfoss (1.579 rúmlestir), var selt úr landi.

### *Iðnaðarframleiðsla.*

Hagstofa Íslands hefur tekið að sér að safna upplýsingum frá fyrirtækjum um iðnaðarframleiðslu þeirra á árinu 1957. Þeirri skýrslusöfnun er ekki lokið, þannig að ekki er unnt að skýra frá niðurstöðum hennar hér, heldur verður það gert í næsta hefti Fjármálatíðinda. Í grein þessari hefur þegar verið skýrt nokkuð frá sjávarvöruiðnaði og skipasmíðum, og síðar í greininni verður sagt frá byggingarframkvæmdum og framkvæmdum í raforkumálum.

Framleiðsla innlendra tollvörutegunda er sýnd á 20. töflu. Framleiðslan hefur yfirleitt farið vaxandi á undanförnum árum. Árið 1957 er þó undantekning að þessu leyti, því að framleiðslan varð þá nokkru minni en árið áður, eins og taflan ber með sér.

*Áburðarverksmiðjan h.f.* framleiddi 19.970 tonn af köfnunarefnisáburði, 128 tonn af ammoníaki og 7.380 kg af saltpétursssýru á árinu 1957. Miðað við söluverð innan lands var heildarverðmæti framleiðslu ársins 39,7 millj. kr., en 2.000 tonn

*20. tafla. Framleiðsla á innlendum tollvörutegundum 1953—1957.*

| | | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Maltöl | lítrar | 506.342 | 684.927 | 719.791 | 906.984 | 848.159 |
| Annað óáfengt öl | lítrar | 620.479 | 648.947 | 557.623 | 928.512 | 629.019 |
| Áfengt öl | lítrar | — | 1.302 | 5.779 | 11.417 | 8.669 |
| Ávaxtasafi | lítrar | 15.457 | 24.321 | 29.220 | 35.870 | 27.847 |
| Gosdrykkir | lítrar | 1.595.943 | 1.978.268 | 2.160.406 | 2.713.969 | 2.699.084 |
| Sódavatn | lítrar | 76.670 | 114.308 | 119.967 | 151.950 | 131.188 |
| Kaffibætir | kg | 216.257 | 191.661 | 176.712 | 177.355 | 165.487 |
| Suðusúkkulaði | kg | 79.743 | 93.073 | 84.392 | 83.232 | 83.109 |
| Átsúkkulaði | kg | 103.448 | 136.287 | 129.538 | 105.834 | 95.409 |
| Brjóstsykur | kg | 86.783 | 99.245 | 101.660 | 114.693 | 99.034 |
| Konfekt | kg | 96.546 | 112.406 | 130.357 | 152.255 | 146.551 |
| Karamellur | kg | 65.332 | 82.121 | 86.133 | 93.589 | 69.884 |
| Lakkrís | kg | 25.952 | 29.411 | 33.310 | 42.560 | 36.167 |

af köfnunarefnisáburði voru seld úr landi fyrir nokkru lægra verð á tonn en innan lands. Framleiðsla Áburðarverksmiðjunnar varð heldur minni en árið 1956, þar sem verksmiðjan fékk minna rafmagn en áður vegna vaxandi orkunotkunar annars staðar.

*Raforkumál.*

Raforkuvinnsla hefur farið jafnt og þétt vaxandi undanfarin ár, eins og 21. tafla sýnir. Lítil aukning hefur þó orðið á uppsettu vélaafli í almenningsorkuverum síðan 1953, er lokið var við nýjar virkjanir við Sog og Laxá.

Eftirfarandi tölur sýna tekjur af raforkusölu beint til neytenda síðastliðin fimm ár í millj. kr., þannig að heildsölutekjur eru þó ekki tvítaldar:

| | |
|---|---|
| 1953 | 66,6 |
| 1954 | 77,4 |
| 1955 | 96,7 |
| 1956 | 108,0 |
| 1957 | 120,8 |

*21. tafla. Orkuvinnsla allra almenningsrafveitna á landinu 1953—1957 í milljónum kílówattstunda.*

| | Vatnsaflsstöðvar | Gufuaflsstöðvar | Dísilstöðvar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1953 | 197 | 22 | 10 | 229 |
| 1954 | 327 | 1 | 11 | 339 |
| 1955 | 379 | 0 | 12 | 391 |
| 1956 | 405 | 0 | 12 | 417 |
| 1957 | 414 | 0 | 13 | 427 |

*Raforkuframkvæmdir.* Fjárfesting vegna raforkuframkvæmda stórjókst á árinu. Áætlað er, að hún hafi numið um 135 millj. kr. árið 1957, en um 90 millj. kr. árið áður.

Kostnaður við framkvæmdir á vegum rafmagnsveitna ríkisins nam 74 millj. kr. og héraðsrafveitna ríkisins 27 millj. kr. Helztu framkvæmdir voru þessar: Á Vestfjörðum var fullgert stöðvarhús við Mjólkárvirkjun og byggður hluti af stíflu og þrýstivatnspípu. Við Reiðhjallavirkjun var lokið við pípu og meginhluta stíflu. Strengdur var vír á staura frá Mjólkárvirkjun til Þingeyrar, frá Hrafnseyri til Tjaldaness, frá Bíldudal um Tálknafjörð til Patreksfjarðar og frá Reiðhjallavirkjun til Bolungarvíkur, en staurarnir voru reistir árið áður. Á Austfjörðum var fullgert stöðvarhús við Grímsá og haldið áfram við byggingu stíflu. Strengdur var vír á staura frá Grimsárvirkjun til Egilsstaða, frá Egilsstöðum til Eiða, frá Egilsstöðum til Eskifjarðar og frá Eskifirði til Neskaupstaðar, en staurarnir höfðu einnig verið reistir árið 1956. Á Seyðisfirði var sett upp og tekin í notkun ný dísilvél, 320 kw.

Á árinu 1957 fékk 261 býli rafmagn frá héraðsveitunum, og í árslok höfðu alls 1.468

býli fengið rafmagn frá þeim, og á öllu landinu hafði 2.741 býli rafmagn, ýmist frá almenningsrafveitum eða einkarafstöðvum.

Auk þeirra framkvæmda, sem þegar hafa verið nefndar, var lagður 3,6 km sæstrengur yfir Steingrímsfjörð sem hluti af Drangsneslínu.




Helztu framkvæmdir á vegum bæjar- og sveitarfélaga var bygging spennistöðvar í Hafnarfirði og stækkun spennistöðvar á Patreksfirði. Auk þess voru svo venjulegar árlegar aukningar dreifikerfa rafveitnanna, sem voru langmestar í Reykjavik, en þar nam kostnaðurinn rúmlega 11 millj. kr., og á Akureyri rúmlega 2 millj. kr.

Uppsett heildarafl allra orkustöðva landsins, sem selja rafmagn til almenningsþarfa, er sýnt á 22. töflu.

*22. tafla. Uppsett vélaafl í almenningsorkuverum í þús. kw.*

| | Vatns-aflsstöðvar | Gufu-aflsstöðvar | Dísilstöðvar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1953 | 70,7 | 7,5 | 6,5 | 84,7 |
| 1954 | 73,1 | 7,5 | 6,6 | 87,2 |
| 1955 | 73,1 | 7,5 | 6,8 | 87,4 |
| 1956 | 73,1 | 7,5 | 7,8 | 88,4 |
| 1957 | 73,1 | 7,5 | 8,3 | 88,9 |

## *Opinberar framkvæmdir.*

*Byggingarframkvæmdir ríkisins.* Byggingarframkvæmdir ríkisins jukust um 24% árið 1957 miðað við árið á undan, en aukningin er þó að nokkru leyti afleiðing hækkaðs byggingarkostnaðar, en hann er talinn hafa hækkað um 9% frá 1956—1957. Aukning byggingarframkvæmdanna kom nær eingöngu fram í auknum skólabyggingum, en kostnaður við þær varð nær helmingi meiri árið 1957 en árið 1956.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þær byggingar á vegum ríkisins, sem voru í smíðum á árinu 1957, flokkaðar eftir tegundum og tilgreindur heildarkostnaður við framkvæmdir á árinu (í þús. kr.).

| | |
|---|---|
| Sjúkrahús | 21.203 |
| Skólar | 36.007 |
| Félagsheimili | 10.361 |
| Póstur og sími | 2.070 |
| Aðrar opinberar byggingar | 18.925 |
| | 88.566 |

Athuga ber, að ríkissjóður greiðir ekki nema hluta af kostnaðinum við margar af þessum byggingarframkvæmdum, þótt þær séu taldar hér til byggingarframkvæmda ríkisins. Sem dæmi má nefna byggingar skólahúsa. Framlag ríkisins til þeirra er stundum ekki greitt fyrr en löngu eftir, að þeim er að fullu lokið.

*Sementsverksmiðjan.* Byggingu sementsverksmiðjunnar miðaði vel áfram á árinu. Lokið var byggingu stjórnbyggingar og ofnhúss, og bygging efnageymslu var komin langt á leið í árslok. Lokið var smíði olíu-

geymis, og leðjugeymir og sementsgeymir voru fullsteyptir, ennfremur reykháfur. Byrjað var á byggingu pökkunarstöðvar. Sprengingar til undirbúnings líparítnámi í Hvalfirði voru komnar töluvert áleiðis í árslokin. Verkfræðilegum undirbúningi var að mestu lokið, og uppsetning véla var komin vel á veg í árslok. Til þessara framkvæmda var á árinu 1957 varið 47,5 millj. kr., en þar af var um helmingi varið til kaupa á vélum, og voru þær greiddar með láni, sem tekið hafði verið í Danmörku. Að öðru leyti var fjármagn fengið til verksmiðjunnar með bráðabirgðaláni úr ríkissjóði, sem endurgreiðist með erlendum lánum.

*Vegagerð.* Útgjöld til vegagerðar og viðhalds á árinu 1957 á vegum Vegagerðar ríkissjóðs urðu aðeins hærri en árið áður. Lokið var smíði tveggja stórbrúa á árinu, og var önnur þeirra á Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum, en hin á Jökulsá í Axarfirði. Eftirfarandi yfirlit sýnir útgjöld Vegagerðarinnar síðastliðin þrjú ár í millj. kr.:

| | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|
| Til nýrra akvega | 12,4 | 17,8 | 19,1 |
| Til nýrra brúa | 11,5 | 17,3 | 16,6 |
| Til viðhalds þjóðvega | 27,5 | 34,2 | 35,9 |
| Til sýsluvega | 2,1 | 2,5 | 2,7 |
| Til endurbóta gamalla stórbrúa | 1,5 | 1,5 | 1,5 |
| Ýmis kostnaður og orlofsfé | 5,5 | 6,3 | 6,8 |
| Samtals | 60,0 | 79,6 | 82,6 |

Í liðnum ýmis kostnaður og orlofsfé er innifalið framlag til fjallvega, sem nam 0,9 millj. kr. á árinu 1957. Tala unninna dagsverka við vega- og brúagerð var tæplega 124 þús. miðað við 10 stunda vinnudag, en um 125 þús. árið áður.

*Hafnargerð.* Kostnaður við hafnarframkvæmdir nam 39,3 millj. kr. á árinu 1957 eða sömu upphæð og árið áður. Þar af nam kostnaður við framkvæmdir á vegum vita- og hafnarmálastjórnarinnar 33.109 þús. kr. Framkvæmdir á vegum hennar voru mestar á eftirtöldum stöðum (þús. kr.): Akranes 10.000, Landshöfn í Keflavík og Njarðvík 2.000, Vestmannaeyjar 1.680, Patreksfjörður 1. 423, Akureyri 1.360, Suðureyri 1.200, Grafarnes í Grundarfirði 1.000, Hauganes 954, Ísafjörður 900 og Kópasker 900. Auk þess var kostnaður við hafnarframkvæmdir í Reykjavík 6.220 þús. kr.

*Vatnsveitur.* Ekki eru til neinar heildartölur um vatnsveituframkvæmdir á árinu 1957, en þær munu hafa numið a. m. k. um 4 millj. kr. Ríkissjóður ábyrgðist lán til vatnsveitugerðar að upphæð 3,0 millj. kr. Í Reykjavík nam kostnaður við vatnsveituframkvæmdir um 600 þús. kr.

*Flugvallagerð.* Fjárfesting í flugvallaframkvæmdum mun hafa numið um 7,2 millj. kr., en 4,2 millj. kr. árið áður. Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eru að sjálfsögðu ekki meðtaldar. Kostnaður af viðhaldi flugvalla mun hafa numið um 4,0 millj. kr.

*Framkvæmdir Reykjavíkurbæjar.* Auk þeirra framkvæmda, er þegar hefur verið getið, nam ný fjárfesting á vegum Reykjavíkurbæjar um 75 millj. kr. á árinu 1957, sem er 18 millj. kr. meira en árið áður. Helztu framkvæmdir voru þessar ásamt kostnaði á árinu 1957 í millj. kr.: gatna- og holræsagerð 22,0, hitaveituframkvæmdir 16,2, bygging íbúðarhúsa 14,5, bæjarsjúkrahúss 6,7, sorpeyðingarstöðvar 4,1 og íþróttamannvirkja í Laugardal 2,0.

## *Húsbyggingar.*

Innflutningsskrifstofan fylgist með byggingarframkvæmdum hér á landi. Hún fær upplýsingar sínar frá oddvitum og byggingarnefndum víðs vegar um landið og auk þess af umsóknum fjárfestingarleyfishafa. Skrifstofan gefur árlega út skýrslu um byggingarframkvæmdir í landinu, og er það, sem um þær er sagt í grein þessari, að mestu byggt á henni og öðrum upplýsingum frá skrifstofunni, en einnig að nokkru á þjóðhagsreikningum Framkvæmdabankans.

Heildarverðmæti húsbyggingarframkvæmda á árinu 1957 nam um 869 millj. kr., en um 812 millj. kr. árið áður. Hér er því um nokkra hækkun að ræða, en sé tekið tillit til hækkaðs byggingarkostnaðar, en hann hækkaði um 9% samkvæmt byggingar-




*Fullgerðar íbúðir í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.*

vísitölu, kemur í ljós, að byggingarframkvæmdir hafa í heild orðið ívið minni árið 1957 en árið áður. Sundurliðun á tegundir framkvæmda er sýnd á 23. töflu.

*23. tafla. Áætlað verðmæti húsbyggingarframkvæmda 1956 og 1957 í þús. kr.*

| | *1956* | *1957* |
|---|---|---|
| Útihús í sveitum | 83.000 | 101.647 |
| Framleiðsla | 54.840 | 52.679 |
| Iðnaður | 14.104 | 23.148 |
| Verzlun | 32.658 | 39.337 |
| Opinberar byggingar | 71.547 | 88.566 |
| Íbúðarhús | 556.100 | 563.700 |
| Alls | 812.249 | 869.077 |

Verðmæti íbúðarhúsabygginga varð aðeins meira árið 1957 en árið áður. Séu framkvæmdirnar hins vegar bornar saman miðað við áætlaðan byggingarkostnað ársins 1954, kemur í ljós, að þær hafa minnkað um 8,6%. Aftur á móti jókst tala nýrra íbúða, sem lokið var við á árinu 1957, um 12,4% miðað við árið áður. Í árslok 1957 er talið, að 3.542 íbúðir hafi verið í smíðum, en 3.550 í ársbyrjun. Byrjað var á 1.610 íbúðum 1957, en 1.774 árið áður. Á móti fleiri fullgerðum íbúðum árið 1957 koma þannig færri, sem byrjað var á, heldur en árið áður. Hinn aukni fjöldi fullgerðra íbúða kom nær eingöngu fram í Reykjavík. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur voru allmiklu færri íbúðir fullgerðar en árið áður, eins og eftirfarandi tölur sýna, sem er yfirlit yfir íbúðir, sem lokið var við í Reykjavík og öðrum kaupstöðum árin 1952—1957.

| | *1952* | *1953* | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 329 | 349 | 487 | 564 | 705 | 935 |
| Aðrir kaupstaðir | 131 | 229 | 199 | 338 | 389 | 347 |
| Kaupstaðir samt. | 460 | 578 | 686 | 902 | 1.094 | 1.282 |

*Byggingarframkvæmdir í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum árið 1957.* Heildarbyggingarframkvæmdir í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum eru sýndar á 24. töflu, en sundurliðun á einstaka kaupstaði

*24. tafla. Byggingarframkvæmdir í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum árið 1957.*

| | Íbúðarhús | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tala húsa | | | | | | |
| | Steinhús | Timburhús | Samtals | Tala íbúða | Rúmmál $m^3$ | Aðrar byggingar rúmmal $m^3$ | Nýbyggingar samtals rúmmál $m^3$ |
| Reykjavík ...... | 239 | 5 | 244 | 935 | 336.493 | 120.868 | 457.361 |
| Kaupstaðir ..... | 225 | 5 | 230 | 347 | 124.477 | 60.336 | 184.813 |
| Kauptún ....... | 124 | 17 | 141 | 185 | 64.934 | 63.040 | 127.974 |
| Sveitir ......... | 130 | 7 | 137 | 151 | 60.289 | 335.603 | 395.892 |
| Samtals | 718 | 34 | 752 | 1.618 | 586.193 | 579.847 | 1.166.040 |

og kauptún er sýnd á 26. töflu. Með nýbyggingum eru taldar allar viðbætur við eldri hús, sem hafa rúmmálsaukningu í för með sér, og einnig nýjar íbúðir í slíkum viðbyggingum. Eins og sjá má á 24. töflu, nam heildarrúmmál þeirra íbúðarhúsa, sem lokið var við á árinu 1957, 586.193 $m^3$, og er það aukning um 13% frá árinu áður. Rúmmál annarra bygginga að sveitum frátöldum nam 244.244 $m^3$, sem er tæplega 13% minna en árið áður. Í sveitum var rúmmál annarra bygginga en íbúðarhúsa hins vegar um 21% meira en árið áður.

*Sundurliðun á íbúðum eftir herbergjafjölda* í Reykjavík, kaupstöðum og kauptúnum er sýnd á 25. töflu.

*Sundurliðun annarra bygginga.* Aðrar byggingar en íbúðarhús eru flokkaðar á 27. töflu. Eins og sjá má, ber mest á útihúsum í sveitum, fiskhúsum í kaupstöðum og kauptúnum og verzlunar- og skrifstofuhúsum í Reykjavík.

*Þróun íbúðabygginga árin 1954—1957.*

Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á

*25. tafla. Flokkun íbúða eftir stærð.*

| | | Herbergi auk eldhúss | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 eða fleiri | Samtals |
| Reykjavík .............. | tala | 4 | 125 | 215 | 361 | 165 | 65 | 935 |
| | % | 0,4 | 13,4 | 23,0 | 38,6 | 17,6 | 7,0 | 100,0 |
| Kaupstaðir ............. | tala | 3 | 27 | 87 | 140 | 61 | 29 | 347 |
| | % | 0,9 | 7,8 | 25,1 | 40,3 | 17,6 | 8,3 | 100,0 |
| Kauptún .............. | tala | 2 | 21 | 57 | 61 | 22 | 22 | 185 |
| | % | 1,1 | 11,3 | 30,8 | 33,0 | 11,9 | 11,9 | 100,0 |
| Samtals | tala | 9 | 173 | 359 | 562 | 248 | 116 | 1.467 |
| | % | 0,6 | 11,8 | 24,5 | 38,3 | 16,9 | 7,9 | 100,0 |

*26. tafla. Nýbyggingar, sem lokið var við á árinu 1957 í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsskyldum stöðum.*

| | *Tala íbúðar-húsa* | *Tala íbúða* | *Rúmmál annarra bygginga m3* |
|---|---|---|---|
| I. Reykjavík | 244 | 935 | 120.868 |
| II Kaupstaðir: | | | |
| Akranes | 9 | 13 | 3.544 |
| Akureyri | 34 | 46 | 9.567 |
| Hafnarfjörður | 40 | 78 | 5.258 |
| Húsavík | — | — | — |
| Ísafjörður | 2 | 4 | 1.058 |
| Keflavík | 29 | 52 | 6.346 |
| Kópavogur | 80 | 103 | 4.688 |
| Neskaupstaður | 1 | 2 | 500 |
| Ólafsfjörður | — | — | — |
| Sauðárkrókur | 8 | 9 | 6.450 |
| Seyðisfjörður | 2 | 2 | 4.000 |
| Siglufjörður | — | 2 | 200 |
| Vestmannaeyjar | 25 | 36 | 18.725 |
| Samtals | 230 | 347 | 60.336 |
| III. Kauptún með 300 íbúa eða fleiri: | | | |
| Bildudalur | 1 | 1 | — |
| Blönduós | 3 | 3 | 3.485 |
| Bolungarvík | 3 | 6 | 2.280 |
| Borgarnes | 2 | 2 | 3.970 |
| Búðareyri | 1 | 1 | — |
| Búðir | 2 | 3 | — |
| Dalvík | 5 | 5 | — |
| Djúpivogur | — | — | — |
| Eskifjörður | 4 | 5 | 200 |
| Eyrarbakki | 1 | 1 | 270 |
| Flateyri | — | — | 640 |
| Grafarnes | 1 | 1 | 5.750 |
| Grindavík | 8 | 12 | 7.889 |
| Hellissandur | 3 | 4 | 3.756 |
| Hnífsdalur | 1 | 1 | — |
| Hofsós | 2 | 2 | 1.602 |
| Hólmavík | — | — | 324 |
| Hrísey | — | — | — |
| Hvammstangi | 1 | 1 | 800 |
| Hveragerði | 6 | 6 | 700 |
| Höfðakaupstaður | — | — | — |
| Höfn í Hornafirði | 5 | 6 | 1.200 |
| Njarðvíkur | 7 | 10 | — |
| Ólafsvík | 5 | 10 | 7.500 |
| Patreksfjörður | 2 | 3 | — |
| Raufarhöfn | 7 | 7 | 10.000 |
| Sandgerði | 4 | 6 | — |
| Selfoss | 21 | 32 | 2.000 |
| Seltjarnarnes | 3 | 6 | 4.200 |
| Stokkseyri | 2 | 3 | — |
| Stykkishólmur | 1 | 2 | 2.581 |
| Suðureyri | 3 | 4 | — |
| Vík í Mýrdal | 3 | 3 | — |
| Vopnafjörður | 1 | 1 | 263 |
| Þingeyri | — | — | — |
| Þórshöfn | 2 | 2 | — |
| Samtals | 110 | 149 | 59.410 |
| IV. Kauptún með færri en 300 íbúa: | | | |
| Bakkagerði | — | — | — |
| Bakkafjörður | — | — | — |
| Borðeyri | — | — | — |
| Breiðdalsvík | 1 | 1 | — |
| Búðardalur | — | — | 1.000 |
| Drangsnes | — | — | — |
| Egilsstaðir | — | — | 1.200 |
| Flatey á Breiðafirði | — | — | — |
| Garðahreppur | 10 | 11 | 630 |
| Garður á Reykjanesi | 4 | 7 | — |
| Grenivík | — | — | — |
| Hafnir á Reykjanesi | — | — | — |
| Hella á Rangárv. | 3 | 3 | — |
| Hjalteyri | — | — | — |
| Hvolsvöllur | — | — | — |
| Höfn, Bakkafirði | — | — | — |
| Kaldrananes | — | — | — |
| Kópasker | 2 | 2 | — |
| Mosfellssveit | 4 | 4 | — |
| Rif á Snæfellsnesi | — | — | — |
| Súðavík | 1 | 1 | — |
| Stöðvarfjörður | 1 | 1 | — |
| Vogar á Vatnsleysustr. | 1 | 1 | 800 |
| Þorlákshöfn | 4 | 5 | — |
| Samtals | 31 | 36 | 3.630 |
| I, II, III og IV samtals | 615 | 1.618 | 579.847 |

byggingarskýrslu Innflutningsskrifstofunnar.

Samanburður á íbúðarhúsabyggingum árin 1954—1957 er sýndur á eftirfarandi yfirliti, þar sem gert er ráð fyrir, að framkvæmdir árið 1954 jafngildi tölunni 100:

| | *1954* | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|---|
| Sveitir | 100 | 99 | 100 | 92 |
| Kauptún | 100 | 125 | 144 | 135 |
| Kaupstaðir | 100 | 132 | 132 | 117 |
| Reykjavík | 100 | 142 | 174 | 160 |

Framkvæmdir hafa alls staðar orðið minni árið 1957 en þær voru árið 1956, og

*27. tafla. Nýbyggingar aðrar en íbúðarhús, sem fullgerðar voru árið 1957 í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.*

| | Reykjavík $m^3$ | Kaupst. $m^3$ | Kauptún $m^3$ | Sveitir $m^3$ | Samtals $m^3$ |
|---|---|---|---|---|---|
| Skólar | — | 6.537 | — | 3.380 | 9.917 |
| Félagsheimili | 2.173 | — | — | 4.745 | 6.918 |
| Sjúkrahús | 2.557 | — | 700 | — | 2.257 |
| Kirkjur | — | — | 800 | 2.300 | 3.100 |
| Ýmsar opinberar byggingar | — | 990 | 2.240 | 1.042 | 4.272 |
| Verksmiðjur og verkstæði | 46.490 | 11.174 | 4.920 | 1.655 | 64.239 |
| Verzlunar- og skrifstofuhús | 49.031 | 7.962 | 5.591 | 3.763 | 66.347 |
| Vöruskemmur | 21.617 | 2.763 | 1.200 | — | 25.580 |
| Sláturhús | — | 900 | 330 | — | 1.230 |
| Frystihús fyrir landbúnað | — | — | 4.200 | 2.992 | 7.192 |
| Frystihús fyrir sjávarútveg | — | 3.000 | 11.681 | — | 14.681 |
| Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur | — | 5.200 | 2.876 | — | 8.076 |
| Fiskhús | — | 21.810 | 22.452 | — | 44.262 |
| Verbúðir | — | — | 6.050 | — | 6.050 |
| Gripa- og útihús | — | — | — | 315.726 | 315.726 |
| Alls | 120.868 | 60.336 | 63.040 | 335.603 | 579.847 |

*28. tafla. Ófullgerðar íbúðir í árslok 1953—1957.*

| | Íbúðir í smíðum í árslok | | | | | Árleg hreyfing | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1953 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
| Sveitir | 227 | 275 | 267 | 276 | 239 | 48 | 1 | ÷ 9 | ÷ 28 |
| Kauptún | 262 | 323 | 435 | 466 | 505 | 61 | 112 | 31 | 39 |
| Kaupstaðir | 657 | 932 | 1.103 | 1.200 | 1.200 | 275 | 171 | 97 | 0 |
| Reykjavík | 551 | 763 | 1.401 | 1.617 | 1.598 | 212 | 638 | 216 | ÷ 19 |
| Samtals | 1.697 | 2.293 | 3.215 | 3.550 | 3.542 | 596 | 922 | 335 | ÷ 8 |

í kaupstöðum og sveitum hafa framkvæmdir orðið minni en árið 1955. Kauptúnin og Reykjavík eru hins vegar enn mun hærri árið 1957 en árið 1955.

Í töflunni hér á eftir er sýnd meðalstærð þeirra íbúða, sem hafin var bygging á á árunum 1954—1957 (í rúmmetrum):

| | 1954 | 1955 | 1956 | 1957 |
|---|---|---|---|---|
| Sveitir | 386 | 402 | 414 | 413 |
| Kauptún | 349 | 329 | 346 | 390 |
| Kaupstaðir | 377 | 380 | 367 | 400 |
| Reykjavík | 358 | 359 | 353 | 371 |
| Meðaltal | 367,5 | 367,5 | 370 | 393,5 |

Fyrstu þrjú árin er um nokkrar innbyrðis sveiflur að ræða, en heildarútkoma mjög svipuð. Hins vegar stækkar meðalibúðin alls staðar mjög mikið árið 1957 nema í sveitum, þar sem hún stendur í stað.

Þegar reynt er að gera sér grein fyrir því, hvort væntanlegur sé á næstunni samdráttur í íbúðarhúsabyggingum eða aukning, liggur beinast við að athuga, hvort íbúðarhúsnæði í byggingu sé vaxandi eða minnkandi. Á 28. töflu sést fjöldi ófullgerðra íbúða í árslok 1953—1957 og árlegar breytingar á þeim tölum, það er að segja tala íbúða, sem hafin er bygging á, umfram tölu lokinna.

Ljóst er af 28. töflu, að íbúðum í byggingu er að byrja að fækka. Vegna vaxandi stærðar íbúða, sem hafin er bygging á, var

þó rúmmál íbúða í byggingu um 29 þús. $m^3$ meira i árslok en í ársbyrjun árið 1957, en 120 þús. $m^3$ meira árið 1956. Íbúðarhúsnæði, sem hafin hefur verið bygging á, er nú orðið litlu meira en það, sem lokið er við, og bendir það óneitanlega til minnkandi byggingarframkvæmda, enda gerir Framkvæmdabankinn i þjóðhagsáætlun sinni ráð fyrir 13% minni framkvæmdum við íbúðarhúsabyggingar árið 1958 en árið 1957.

# Fréttaþættir

**Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða — Útgerð og aflabrögð — Landbúnaður — Lánveitingar 1957 — Skráð gengi — Peningamarkaðurinn.**

## Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða.

Verzlunarjöfnuðurinn til ágústloka í ár varð óhagstæður um 231 millj. kr., en á sama tíma 1957 nam hallinn 170 millj. kr. Innflutningurinn var 76 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra, en útflutningurinn aðeins 15 millj. kr. hærri.

Fyrra helming þessa árs hafa þær breytingar orðið helztar á útflutningsverzluninni miðað við sama tímabil í fyrra, að útflutningur á frystum fiski og síldarmjöli hefur aukizt, en minnkað á saltsíld og skreið. Útflutningur til dollarasvæðisins hefur aukizt nokkuð á tímabilinu, en dregið úr honum að sama skapi til vöruskiptalandanna. Nokkur aukning hefur hins vegar orðið á innflutningi frá vöruskiptalöndunum. (Töflur I—IV aftast í heftinu sýna inn- og útflutning, það sem af er árinu.)

*Utanríkisviðskipti mánaðarlega í millj. kr.*



*Gjaldeyrisviðskipti bankanna 1957 og 1958.*

| | 1957 | | | | 1958 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Keyptur gjaldeyrir: | *1. ársfj.* | *2. ársfj.* | *3. ársfj.* | *4. ársfj.* | *1. ársfj.* | *2. ársfj.* |
| a) Andvirði útflutnings | 264,5 | 283,2 | 213,4 | 308,2 | 227,9 | 289,4 |
| b) Duldar tekjur | 53,4 | 43,9 | 46,2 | 53,3 | 55,4 | 60,7 |
| Lán, endurgreiðsla o. fl., nettó | ÷ 1,3 | 0,9 | 2,4 | 83,8 | 0,4 | 0,5 |
| Innkominn gjaldeyrir samtals | 316,6 | 328,0 | 262,0 | 445,3 | 283,7 | 350,6 |
| Útlátinn gjaldeyrir samtals | 323,0 | 321,0 | 344,0 | 379,0 | 327,1 | 347,8 |
| Greiðslujöfnuður | ÷ 6,4 | 7,0 | ÷ 82,0 | 66,3 | ÷ 43,4 | 2,8 |

Taflan um greiðsluviðskipti bankanna, sem fylgir þættinum, sýnir, að greiðslujöfnuður var hagstæður um 2,8 millj. kr. á 2. ársfjórðungi. Á sama ársfjórðungi í fyrra varð jöfnuðurinn hagstæður um 7,0 millj. kr. Duldar tekjur urðu á ársfjórðungnum 17 millj. kr. hærri en á sama tíma 1957, en hækkunin á rót sína að rekja til aukinna tekna af varnarliðinu. Á fyrra hluta þessa árs hefur greiðslujöfnuðurinn orðið óhagstæður um 40,6 millj. kr., en á sama tíma 1957 varð hann hins vegar hagstæður um 0,6 millj. kr. Mest hefur gjaldeyrisstaða bankanna versnað í vöruskiptagjaldeyri eða um 62 millj. kr.

Í lok ágústmánaðar var nettóskuld bankanna í erlendum gjaldeyri 147 millj. kr. eða 94 millj. kr. hærri en í lok sama mánaðar 1957. Að viðbættum kröfum á útlönd, en að frádregnum ábyrgðum og greiðsluskuldbindingum, var gjaldeyrisstaðan óhagstæð um 265 millj. kr.

## Útgerð og aflabrögð.

Heildarafli fyrra helmings þessa árs nam alls 280.586 tonnum á móti 238.408 tonnum fyrra helming ársins 1957, og hefur hann þannig aukizt um 17,7%. Af þessu aflamagni voru 24.675 tonn af síld, en 22.445 í fyrra, þannig að aukningin kemur að mestu leyti á þorskaflann og skyldar tegundir. Bátaaflinn á þorskveiðum jókst um nálega 30 þús. tonn, en togaraaflinn um 10 þús. tonn. Aflamagnið skiptist þannig eftir verkunaraðferðum, að 144,4 (115,6) þús. tonn fóru til frystingar, 78,3 (59,6) þús. tonn til söltunar og 38,1 (30,7) þús. tonn í herzlu. Tölur innan sviga eiga við sama tímabil 1957.

